# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

61. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 13. MARS 2017




Að mati seðlabankastjóra, forsætis- og fjármálaráðherra eru kjöraðstæður í efnahagslífinu til að afnema höft. Síðustu aðgerðirnar í afnámi hafta voru kynntar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Gengissveiflur ólíklegar eftir afnámið

**Gjaldeyrishöftin verða á bak og burt frá og með morgundeginum. Að mati sérfræðings er ólíklegt að krónan sveiflist til vegna þessa.**

**EFNAHAGSMÁL** Að mati sérfræðinga er ólíklegt að afnám hafta muni hafa mikil áhrif á gengi krónunnar eða næstu vaxtaákvörðun Seðlabankans. Bankinn tilkynnir ákvörðun sína næstkomandi miðvikudag.

Í dag mun Seðlabanki Íslands setja nýjar reglur sem slaka á gjaldeyrishöftum. Almennt öðlast lög og reglur gildi degi eftir birtingu. Reglurnar aflétta öllum gjaldeyrishöftum sem hægt er að létta án lagabreytinga. Tilkynnt var um aðgerðirnar á blaðamannafundi seðlabankastjóra og forsætis- og fjármálaráðherra í gær.

Undanfarnar vikur hefur krónan verið í miklum styrkingarham þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi keypt gjaldeyri fyrir að meðaltali þrjá milljarða á dag. Forðinn er nú rúmlega 800 milljarðar króna og er að stærstum hluta óskuldsettur forði.

„Ég hef aldrei viljað spá fyrir um gengi krónunnar,“ segir Friðrik Már Baldursson, hagfræðiprófessor við Háskólann í Reykjavík. „Ég sé ekki neina ástæðu til að það verði miklar sviptingar í gengi krónunnar á næstunni. Seðlabankinn hefur það nokkuð í hendi sér að vinna á móti sviptingum.“

Friðrik telur ólíklegt að afnám hafta muni hafa áhrif á ákvörðun peningastefnunefndar.

„Það er ekki gott að segja til um hvort þetta auki eða minnki líkur á lægri stýrivöxtum. Ég geri ráð fyrir að nefndin taki sína ákvörðun á þriðjudag og þá er í raun of stuttur tími liðinn til að taka þetta með í reikninginn. Það er frekar að þetta hafi áhrif í næstu ákvörðun nefndarinnar,“ segir Friðrik Már.

johannoli@frettabladid.is

## Minni sjóðir skila ekki

**SAMFÉLAG** Rétt tæpur helmingur sjóða og sjálfseignarstofnana trassar skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Af þeim 725 sem eru á skrá hafa 387 skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2015. Þar af skiluðu nokkrir tugir of seint. Ríkisendurskoðun sendi út ítrekun til þeirra aðila sem ekki höfðu skilað ársreikningi nú í lok janúar.

„Þetta er auðvitað svolítið raunalegt að árangurinn sé ekki meiri en þessi. Ég kann ekki aðra skýringu á þessu en að þeir sem trassa þetta séu oftar en ekki mjög litlir sjóðir,“ segir Lárus Ögmundsson, yfirlögfræðingur Ríkisendurskoðunar. Jafnvel séu þeir sem hafa haft forsjá með umræddum sjóðum fallnir frá. „Stundum er þetta þó bara hefðbundinn trassaskapur,“ bætir Lárus við. – þea / sjá síðu 6

### Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Silja Dögg Gunnarsdóttir skrifar um nýsköpun. 10

**SPORT** Grótta vann tvo sigra á Ásvöllum á laugardaginn. 14

**LÍFIÐ** Samfestingurinn sem Ragnhildur Steinunn klæddist á laugardaginn veldur uppnámi. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðlæg átt í dag, allhvasst suðvestan til á landinu síðdegis en annars hægari vindur. SJÁ SÍÐU 20



**Silfra var lokuð um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K.

## Silfra opnuð aftur í dag

**FERÐAÞJÓNUSTA** Silfra á Þingvöllum verður opnuð aftur í dag. Henni var lokað eftir banaslys á föstudag. Forsenda þess að hún var opnuð aftur er að fyrirmæli vegna köfunar á Þingvöllum hafa verið hert og öryggiskröfur auknar. Fulltrúar köfunarfyrirtækja hafa gengist inn á þessi fyrirmæli.

Meginefni breyttra fyrirmæla er fækkun farþega á hvern leiðsögumann og auknar kröfur til þeirra sem hyggjast kafa og snorkla í Silfru. Auknar kröfur beinast m.a. að þurrbúningaréttindum kafara, staðfestingu á hæfni og getu kafara, heilbrigðiskröfum gesta, aukinni ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja, auk þess sem köfun í blautbúningum verður óheimil. **– jhh**

## Vinsældir Asíu aukast hjá Íslendingum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Á fyrstu tveimur mánuðum ársins var 234 prósenta vöxtur í ferðum frá Íslandi til Asíu hjá Dohop miðað við sömu mánuði árið á undan. Í fyrra voru vinsælustu áfangastaðirnir sem bókaðir voru Balí, Bangkok, Tókýó og Maníla.

Samkvæmt tölfræði bókunarvefsins er vaxandi áhugi almennt meðal Íslendinga á Asíu. **– jhh**




## Kærleikar manna og dýra



**Það er fjör hjá froskum í Búdapest þessa dagana. Þegar fer að vora sækja þeir að Ipoly-ánni þar sem þeir fjölga sér. Á leið sinni þurfa þeir að fara yfir götu, sem getur reynst þeim lífshættulegt. Góðhjartað fólk leggur sitt af mörkum til að beina þeim á rétta braut.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Láta dómsmál niður falla

**DÓMSMÁL** LBI, eða gamli Landsbankinn, og endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) hafa samið um að fella niður dómsmál LBI ehf. gegn PwC fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þetta kemur fram í tilkynningu sem send var fjölmiðlum.

Slitastjórn gamla Landsbankans hafði stefnt PwC fyrir að samþykkja ranga efnahagsreikninga og árshlutauppgjör auk þess að ofmeta veð og tryggingar fyrir stórum útlánum. Þannig var talið að PwC, sem endurskoðaði reikninga gamla Landsbankans, hafi vitað um bága stöðu bankans við gerð reikninga fyrir árið 2007 mörgum mánuðum áður en starfsleyfi bankans var skilað til Fjármálaeftirlitsins.

Á fréttavef RÚV kemur fram að gamli Landsbankinn hafði krafist hundrað milljarða í bætur. **– jhh**

# Gamla fólkið notar geðlyf í miklu mæli

**24,6 prósent vistmanna á öldrunar- og hjúkrunarheimilum landsins eru á sterkum geðlyfjum án þess að vera haldin neinum geðsjúkdómi. Landlæknisembættið segir lyfin gefin vegna hegðunarvandamála eða óróleika aldraðra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjórða hvert gamalmenni á öldrunarheimili á Íslandi er á sterkum geðlyfjum án þess að glíma við geðsjúkdóm. Vistmönnum eru gefin geðlyf vegna óróleika eða einhvers konar hegðunarvandamála að mati Embættis landlæknis.

Fréttablaðið sagði frá því síðastliðinn þriðjudag að tæplega 36 þúsund dagskammtar af geðlyfjum væru keyptir inn á Mörk hjúkrunarheimili sem jafnast á við að hver vistmaður fái dagskammt á hverjum degi. Hjúkrunarheimili notast við svokallaða RAI-gæðavísa og er þetta einn þeirra þátta sem skoðaðir eru í þeim gæðavísi. Gísli Páll Pálsson, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins, sagði við það tilefni að stefnan væri sú að minnka lyfjanotkun sem mest.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG, hefur spurt heilbrigðisráðherra um notkun geðlyfja á elliheimilum og vill vita hvernig notkun skiptist niður eftir heimilum. Hún telur notkunina of mikla. „Það er alveg á hreinu að notkun lyfja er of mikil ef fjórðungur vistmanna á öllu landinu er á sterkum geðlyfjum án þess að vera haldinn einhvers konar geðsjúkdómi,“ segir Bjarkey. „Því spyr maður sig hvort mannekla hafi áhrif eða hvort aðrir þættir spili inn í.“

Haukur Ingibergsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir að þessar niðurstöður RAI-matsins komi á óvart og hljóti að að kalla á frekari skoðun landlæknisembættisins á því hvað valdi. Mikilvægt sé að sú skoðun gangi hratt fyrir sig og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að lyfjagjöf á hjúkrunarheimilum sé nákvæm og rekjanleg.

Laura Scheving Thorsteinsson, sérfræðingur í eftirliti hjá landlæknisembættinu, segir embættið ekki gera kröfu um úrbætur ef hlutfall þeirra sem eru á geðlyfjum án geðsjúkdóms fari ekki yfir 31 prósent. Allt fyrir neðan það sé eðlilegt. „Þessir innlendu gæðavísar voru gerðir á sínum tíma af fagfólki,“ segir Laura. „Langflestir þeirra sem eru á slíkum lyfjum eru með einhvers konar hegðunarvandamál eða órólegir á einhvern hátt.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Landlæknisembættið segir fólki á hjúkrunarheimilum gefin lyf vegna hegðunarvandamála eða óróleika aldraðra.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Því spyr maður sig hvort mannekla hafi áhrif eða hvort aðrir þættir spili inn í.**

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG



**24,6%**

**vistmanna á öldrunar- og hjúkrunarheimilum landsins fá sterk geðlyf þótt þeir séu ekki haldnir geðsjúkdómum.**




Brimborg | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Arturs Jarmoszko leitað í fjöru alla leið frá Gróttu að Álftanesi

**SAMFÉLAG** Formleg leit að Arturi Jarmoszko, sem saknað hefur verið frá mánaðamótum, hófst í gær. Artur sást síðast í eftirlitsmyndavél í Lækjargötu í miðbæ Reykjavíkur. Nokkru síðar tengdist sími hans sendi á Kársnesi en svo slokknaði á símanum.

„Þetta voru hátt í sjötíu manns frá okkur sem voru að leita. Fyrst út frá Kársnesi og svo alla ströndina og svæðið í kringum Öskjuhlíðina. Við erum með báta, dróna, hunda og svo ganga menn fjörur,“ sagði Þorsteinn G. Gunnarsson, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

Ásamt því að styðjast við dróna, báta, hunda og gönguhópa leitaði þyrla Landhelgisgæslunnar í fjörunni allt frá Gróttu og út á Álftanes. Að sögn Þorsteins höfðu hins vegar engar vísbendingar fundist í gærkvöldi.

Þá var óljóst hvort leit yrði haldið áfram í dag. Það yrði ákveðið í samvinnu við lögreglu sem nú rannsakar hvarfið. Guðmundur Páll Jónsson lögreglufulltrúi stýrir rannsókn málsins. Í samtali við fréttastofu í gær sagði hann að leitinni miðaði mjög vel áfram. Lögregla væri að afla upplýsinga. Meðal annars fengi hún ábendingar í tölvupóstum. Þá væri lögregla að safna upptökum úr öryggismyndavélum fyrirtækja í vesturbæ Kópavogs. Hann sagði að málið væri ekki rannsakað sem sakamál. **– þea**



**Hátt í 70 björgunarsveitamenn leituðu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gefur lífeyrissjóðunum frjálsar hendur

**Framkvæmdastjórar lífeyrissjóða fagna afnámi hafta en efast um að sjóðirnir rjúki til. Víða á erlendum mörkuðum eru vextir í sögulegu hámarki og eignaverð því hærra en oft áður.**

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldeyrishöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði verða afnumin að fullu frá og með morgundeginum. Framkvæmdastjórar tveggja lífeyrissjóða fagna breytingunum en telja ólíklegt að sjóðirnir muni rjúka til vegna þeirra.

Nýjar reglur Seðlabankans taka gildi á morgun en eftir gildistöku þeirra verða varúðarreglur vegna vaxtamunarviðskipta og takmarkanir vegna afleiðuviðskipta með íslenskar krónur einu eftirstandandi höftin. Breytingarnar voru kynntar í gær.

Samtímis var upplýst að hagfræðingarnir Ásgeir Jónsson, dósent við hagfræðideild HÍ, Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, og Illugi Gunnarsson, fyrrverandi ráðherra, hefðu verið skipuð í verkefnisstjórn um endurmat peningastefnunnar.

„Þær heimildir sem við höfðum voru rýflegar en sá galli var á þeim að þær voru föst upphæð á hverjum mánuði,“ segir Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR. „Það sem skiptir mestu máli að mínu mati er að menn hafa nú frjálsar hendur með það hvenær upphæðin er notuð. Ég tel að lífeyrissjóðirnir muni nú frekar nýta þá heimild sem þeir höfðu og jafnvel rúmlega það.“

„Þetta eru frábærar fréttir sem endurspegla gríðarlega sterka stöðu íslensks efnahagskerfis nú um stundir,“ segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins. Hann telur að afnám hafta hafi minniháttar breytingar í för með sér fyrir sinn sjóð.

„Víða á erlendum mörkuðum eru vextir í sögulegu lágmarki þannig að eignaverð er þar hátt. Ég held að til lengri tíma litið þá sé skynsamlegt fyrir sjóðina að byggja erlendar eignir upp í skrefum.“

johannoli@frettabladid.is



**Seðlabankastjóri, forsætisráðherra og fjármálaráðherra eru sammála um að nú sé rétt að losa höft.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## „Special price for you my friend“



Í gær var einnig upplýst um að Seðlabankinn hefði gert samkomulag við vogunarsjóði um kaup á 90 milljörðum aflandskróna. Aflandskrónueignir í lok febrúar námu um 200 milljörðum. Eftirstandandi eru rúmlega 100 milljarðar.

Gengið var 137,5 krónur á evru en í upphafi mánaðar var sagt frá því í Markaðnum að fundir vegna málsins hefðu farið fram. Í sömu grein var talið að gengið yrði á bilinu 130 til 140 krónur gegn evru.

Síðasta sumar bauðst sömu eigendum að taka þátt í aflandskrónaútboði Seðlabankans. Þá var gengið 190 krónur á hverja evru. Fjárhæð samþykktra tilboða nam 72 milljörðum.

„Það stendur til að verðlauna hrægamma sem vildu ekki spila með,“ skrifar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, á Facebook. Stjórnvöld hefðu þá gert mönnum ljóst að þeir sem tækju ekki þátt í útboðinu sætu eftir með eignir sínar á vaxtalausum reikningum.

„Sá sem hefði fengið 100 milljón evrur með því að taka þátt í útboðinu fær nú rúmlega 138 milljón evrur. [...] Planið gekk upp hjá vogunarsjóðunum. Þeir fengu kosningar, nýja ríkisstjórn, nýja stefnu og nýtt verð.“

> **Þetta eru frábærar fréttir sem endurspegla gríðarlega sterka stöðu íslensks efnahagskerfis.**
>
> Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins



## Örstutt saga haftanna

**8. október 2008** Eignir Landsbankans í Bretlandi frystar, alþjóðleg greiðslumiðlun á Íslandi stöðvast.

**10. október 2008** Seðlabanki Íslands heftir útflæði gjaldeyris tímabundið.

**28. nóvember 2008** Gjaldeyrishöft tekin upp með lagasetningu. Höftin áttu að gilda í tvö ár.

**1. apríl 2009** Höftin hert með nýjum ákvæðum um vöruviðskipti og undanþáguferli

**31. október 2009** Innstreymi gjaldeyris til nýfjárfestinga leyfilegt að nýju, útflæðisreglur hertar.

**12. mars 2012** Höftin hert til að setja fyrir leka á þeim.

**7. júní 2015** Breytingar á gjaldeyrislögum sem útiloka sniðgöngu vegna afnámsáætlunar stjórnvalda.

**8. júní 2015** Heildstæð áætlun um afnám hafta kynnt.

**3. júlí 2015** Lög um stöðugleikaskatt samþykkt.

**22. maí 2016** Lög sett til að aðgreina aflandskrónueignir tryggilega svo mögulegt væri að stíga næstu skref í losun hafta.

**2. júní 2016** Lagabreyting sem gefur Seðlabankanum heimild til að setja reglur um nauðsynleg fjárstreymistæki til að tempra og hafa áhrif á samsetningu innstreymis erlends gjaldeyris.

**21. júní 2016** Síðasta aflandskrónuútboð Seðlabankans.

**11. október 2016** Lög sem slaka á höftum samþykkt. Lögin tóku gildi um áramótin 2017.




VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér. Tímapantanir í síma 534 4433.

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

**ŠKODA Octavia** er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.

**Dráttarbeisli og vetrardekk**
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:

**3.350.000 kr.**

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**




Í þessari fjölbreyttu ferð munum við kynnast hinni gullfallegu Slóveníu en landið er löngum þekkt fyrir náttúrufegurð sína: alpa, skóga, ár og vötn, hella og glæsilegar hallir sem prýða útsýnið.

Við fljúgum til Trieste á Ítalíu og byrjum á að aka til fjallaþorpsins Kranjska Gora sem liggur í hlíðum slóvensku Alpanna, en þar munum við gista fyrstu nóttina. Á leið okkar til Kranjska Gora ökum við meðfram þjóðgarðinum Triglav sem fær nafn sitt af hæsta fjalli Slóveníu.

Því næst ökum við til vatnanna Bohinj og Bled og höldum áfram að njóta undurfagurrar náttúrunnar sem lætur engan ósnortinn. Við gistum í bænum Bled sem stendur við samnefnt vatn í hlíðum Karawanks fjallgarðsins. Næst liggur leið okkar til höfuðborgarinnar Ljubljana, en hún þykir mjög falleg og hefur verið afar vinsæl undanfarin ár.







Við getum ekki heimsótt Slóveníu án þess að koma við í hinum frægu Postojna dropasteinshellum og kastalanum Predjama. Næst liggur leið okkar til strandarbæjarins Portoroz eða „Rósahöfnin", sem stendur við Adríahafið.

Frá Portoroz förum við í dagsferð til Króatíu, ökum til bæjanna Porec og Motovun á Istríuskaganum, heillandi bæja sem vert er að skoða. Porec er falleg hafnarborg og um tvö þúsund ára gömul. Hún þykir sérstök m.a. þar sem hún stendur á afar þröngu nesi. Motovun er sveitaþorp í miðaldastíl sem stendur upp á 270 m. hárri hæð. Við njótum síðasta dagsins í rólegheitunum í Portoroz en flogið er daginn eftir til Keflavíkur.

**Frá kr. 179.995 m/morgunmat o.fl.**
Netverð á mann frá kr. 179.995 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar og akstur. Gisting á 3-4* hótelum m/morgunmat, kvöldverður alla daga nema 2 kvöld í Ljubljana. Sigling um Bled vatnið og aðgangseyrir í Bled höllina, kynnisferð í Ljubljana og sigling með drykk um ána Ljubljanica, aðgangseyrir í Postojna hellana og í Predjama höllina, kynnisferð í Porec, íslensk fararstjórn.

ENNEMM / SIA • NM80725 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


# Góðgerðarsjóðir skila ársreikningum afar illa

**Fjölmargir sjóðir og sjálfseignarstofnanir hafa ekki skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2015. Yfirlögfræðingur Ríkisendurskoðunar segir minni sjóði aðallega trassa skil. UNICEF Ísland var á lista yfir aðila sem hafa ekki skilað.**

**SAMFÉLAG** Rétt tæpur helmingur sjóða og sjálfseignarstofnana trassar skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Af þeim 725 sem eru á skrá hafa 387 skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2015. Þar af skiluðu nokkrir tugir of seint.

Ríkisendurskoðun sendi út ítrekun til þeirra aðila sem ekki höfðu skilað ársreikningi nú í lok janúar.

Lárus Ögmundsson, yfirlögfræðingur Ríkisendurskoðunar, heldur utan um skil sjóða og sjálfseignarstofnana á téðum ársreikningum. Að hans sögn eru það aðallega minni sjóðir sem trassa skil.

„Þetta er auðvitað svolítið raunalegt að árangurinn sé ekki meiri en þessi. Ég kann ekki aðra skýringu á þessu en að þeir sem trassa þetta séu oftar en ekki mjög litlir sjóðir," segir Lárus. Jafnvel séu þeir sem hafa haft forsjá með umræddum sjóðum fallnir frá. „Stundum er þetta þó bara hefðbundinn trassaskapur," bætir Lárus við.

„Svona er þetta búið að vera nokkuð lengi. Þeir skila seint og illa," segir Lárus.

Hann segir stöðuna gjarnan vera þannig að reikningarnir séu til en annaðhvort hafi þeir ekki verið sendir til Ríkisendurskoðunar eða jafnvel sendir á rangan stað. „Það eru dæmi um að reikningar séu sendir á Ríkisskattstjóra en ekki á okkur," segir Lárus.

Þá er gleymska ekki afsökun fyrir því að trassa skil. „Við erum með þessa sjóði á skrá og við sendum þeim ítrekanir. Það á ekki að fara á milli mála að við eigum að fá reikninga frá sjóðunum."

Lárus segir Ríkisendurskoðun reyna eftir fremsta megni að kalla eftir reikningum. Takist það ekki sé haft samband við Sýslumanninn á Norðurlandi vestra sem annist framkvæmd laga um sjóði og stofnanir. „Síðan er jafnvel reynt að koma því þannig við að leggja þessa sjóði niður ef það tekst að grafa upp hver hefur forsjá með þeim," segir Lárus.

Í versta falli sé hægt að kalla eftir lögreglurannsókn á ákveðnum sjóðum. Til þess hefur hins vegar aldrei komið svo Lárus muni til.

Fréttablaðið rak augun í nafn UNICEF Íslands við yfirferð á sjóðum og stofnunum sem hafa ekki skilað ársreikningi. Bergsteinn Jónsson framkvæmdastjóri vissi ekki af því fyrr en blaðamaður spurði hann út í ástæðuna. Í ljós kom að mistökin mætti rekja til endurskoðandans.

„Vegna mistaka hjá Deloitte, endurskoðanda okkar, sendu þau ekki Ríkisendurskoðun ársreikninga okkar til skráningar árin 2014 og 2015 þótt reikningarnir hefðu sannarlega verið gerðir, samþykktir af stjórn og legið frammi til skoðunar hjá okkur," segir Bergsteinn og bætir við:

„Við báðum endurskoðanda okkar um að senda ársreikningana til Ríkisendurskoðunar bæði árin og stóðum í þeirri trú að það hefði verið gert. Við munum fylgjast vandlega með þessu í framtíðinni og fá staðfestingu frá Ríkisendurskoðun um að endurskoðandi hafi sent ársreikning inn til skráningar." **thorgnyr@frettabladid.is**



**UNICEF Ísland er á meðal félaga sem hafði ekki skilað ársreikningum. Félagið hefur styrkt ýmis verkefni, meðal annars í Nepal.** MYND/UNICEF

> **Vegna mistaka hjá Deloitte, endurskoðanda okkar, sendu þau ekki Ríkisendurskoðun ársreikninga okkar til skráningar.**
>
> Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF Ísland



# Hjólreiðakeppni hætt vegna veðurs

**SUÐUR-AFRÍKA** Hjólreiðakeppni sem átti að fara fram í Cape Town í Suður-Afríku í gær var frestað vegna mikils storms sem þar geisaði. Þetta var í fyrsta sinn í sögunni sem þessari keppni er aflýst en 35 þúsund hjólreiðarmenn höfðu tilkynnt þátttöku. Vindurinn var svo sterkur að hjólreiðarmenn fuku hreinlega af hjólum sínum.

Skipuleggjendur keppninnar sögðu á blaðamannafundi sem var haldinn á Southern Sun Cullinan hótelinu, þar sem margir erlendir hjólreiðarmenn gistu, að ákvörðunin hefði verið tekin til þess að vernda líf og heilsu þátttakenda.

„Við vorum að sjá fram á ansi margar áskoranir, ekki síst þá að vindhraðinn er talsvert meiri en spáð hafði verið í gær," sagði David Bellairs, framkvæmdastjóri markaðs- og kynningarmála keppninnar, á blaðamannafundinum.

Á vefsíðu suðurafríska fréttamiðilsins Times Live segir að einnig hafi eldur í bænum Hout Bay og mótmæli aukið á hættuna og orðið til þess að ákvörðun um að aflýsa keppninni var tekin.

Times Live segir að þátttakendur hafi tekið ákvörðun um að hætta keppninni af skilningi. Sumir þeirra muni reyna aftur að ári. **– jhh**



**Fólk átti erfitt með að athafna sig þegar hviður riðu yfir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **35** **þúsund hjólreiðamenn höfðu tilkynnt þátttöku. Vindurinn var hins vegar allt of mikill fyrir keppni.**

# OUTLET

AUKA **30%** AFSLÁTTUR*

## Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM

DAGANA 1.-31. MARS

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

*Gildir ekki af snyrtivörum, ritföngum og DVD.

# Erdogan segir nasisma á lífi í vestrinu

**Forseti Tyrklands gagnrýnir hollensk stjórnvöld harðlega. Utanríkisráðherrann kallar ríkið höfuðstað fasismans. Ráðherrar Tyrkja ætluðu að afla stuðnings við stjórnarskrárbreytingar á meðal Tyrkja sem staðsettir eru í Hollandi en fengu ekki að koma til landsins.**



Kalla þurfti út óeirðalögreglu vegna mótmæla við skrifstofu ræðismanns Hollendinga í Ankara. NORDICPHOTOS/AFP

**TYRKLAND** „Ég hef ávallt sagt að ég teldi nasisma dauðan. Ég hafði rangt fyrir mér. Nasismi lifir enn á Vesturlöndum,“ sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, í Istanbúl í gær.

Var hann þar að vísa til þess að tveimur ráðherrum tyrknesku ríkisstjórnarinnar hafi verið meinað að ávarpa tyrkneska innflytjendur í hollensku borginni Rotterdam á laugardag.

Fjölskyldumálaráðherranum Fatma Betul Sayan Kaya var meinað að koma inn í skrifstofu ræðismanns Tyrkja í Rotterdam. Því næst fylgdi hollenska lögreglan honum að landamærunum við Þýskaland. Þá reyndi utanríkisráðherrann Mevlut Cavosoglu að fljúga til Hollands en var honum meinuð inngangа í landið.

Cavosoglu fékk hins vegar að fara til frönsku borgarinnar Metz. Þar hélt hann ræðu og sagði Holland höfuðvígi fasismans.

Ráðherrarnir ætluðu að halda ræðu í Hollandi til þess að reyna að afla stuðnings við breytingartillögur á stjórnarskrá Tyrklands sem myndu færa forsetanum aukið vald. Kosið verður þann sextánda apríl og hefur afstaða Tyrkja sveiflast gríðarlega ef marka má kannanir.

Þannig styðja 36 prósent tillöguna í könnun AKAM frá níunda mars, 52 prósent í könnun ORC frá sjöunda mars og 53 prósent í könnun MAK frá því annan mars.

Erdogan varaði Hollendinga við því að þeir myndu þurfa að gjalda fyrir atvikið. „Við munum kenna þeim alþjóðasamskipti,“ sagði forsetinn í ræðu sinni við verðlaunaafhendingu í Istanbúl.

Hann sagði hollensk stjórnvöld sýna Tyrkjum virðingarleysi. „Holland. Ef þið ætlið að fórna sambandi ríkjanna fyrir kosningarnar á miðvikudag munuð þið gjalda fyrir það,“ sagði Erdogan sem telur hollensku ríkisstjórnina ekki vilja taka á atvikinu í því skyni að halda ró í landinu í aðdraganda þingkosninga.

Eins og Erdogan sagði er kosið í Hollandi á miðvikudag. Nýjustu kannanir benda til þess að Frelsis- og lýðræðisflokkurinn (VVD), flokkur forsætisráðherrans Mark Rutte, muni bera sigur úr býtum.

> Ef þið ætlið að fórna sambandi ríkjanna fyrir kosningarnar á miðvikudag munuð þið gjalda fyrir það.



Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands

Þó lítur úr fyrir að Frelsisflokkurinn (PVV), með Geert Wilders í fararbroddi, muni fá næstflest atkvæði og jafnvel skáka flokki Rutte. Þannig mælist VVD með 24 prósenta fylgi í könnun Peil sem birt var í gær. PVV mælist með 22 prósenta fylgi.

Stóraukinn stuðningur við sjónarmið Wilders hefur sett svip á kosningabaráttuna. Einna helst stefnu hans í innflytjendamálum. Er Wilders þekktur fyrir andúð sína á íslam. „Ég hata ekki múslima, ég hata íslam,“ sagði hann til dæmis í viðtali við Guardian árið 2008. Þá má sjá flennistóran borða á Twitter-síðu Wilders sem á stendur: „STOP ISLAM #PVV2017“. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Auð bók selst best á Amazon

**BANDARÍKIN** Bókin Reasons to Vote for Democrats eftir Michael Knowles situr í efsta sæti metsölulista Amazon þessa dagana. Þykir það merkilegt fyrir þær sakir að allar 266 síður bókarinnar eru auðar.

Bókinni hefur verið hampað í íhaldssamari fréttamiðlum í Bandaríkjunum á borð við Fox News. Í viðtali hjá fréttastofu Fox News sagði höfundurinn að hægt væri að lesa bókina alla á fimmtán til tuttugu sekúndum.

„Þegar ég leit yfir afrek Demókrataflokksins og ástæður til þess að kjósa hann, stefnu hans í efnahags-, utanríkis- og varnarmálum, áttaði ég mig á því að ef til vill væri best að hafa allar síðurnar auðar,“ sagði Knowles.

Svipuð bók kom út í nóvember og fær hún 4,5 stjörnur af 5. **– þea**




Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK
ums.is


SUZUKI
Way of Life!
FULLVAXINN BALENO
Á SMÁBÍLAVERÐI!
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN
NÝR TÍMAMÓTA BALENO
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum
flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur
... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með
MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum
bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Gúmmíhamar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er eftirsóknarvert að vera ungur – en því miður átta fæstir sig á þeirri staðreynd fyrr en um miðjan aldur. Að vera ungur felur nefnilega líka í sér sitthvað kvíðvænlegt enda framtíðin óráðin og mikið undir í nútímasamfélagi. Það getur því skipt unga fólkið, eins og t.d. krakkana sem eru send í samræmdu prófin, öllu máli að samfélagið hafi skilning á þessari stöðu. Skilji mikilvægi þess að tækifæri og möguleikar framtíðarinnar ráðist ekki í einni óúthugsaðri andrá.

Samræmd próf fóru fram í grunnskólum landsins í vikunni að tilstuðlan Menntamálastofnunar. Prófin voru lögð fyrir nemendur í 9. bekk í stað þess 10. með það markmið að gefa nemendum og þá væntanlega einnig skólastjórnendum, kennurum og foreldrum ríflegra svigrúm til þess að bregðast við áður en sótt er um nám í framhaldsskóla. Samkvæmt stofnuninni áttu prófin því að nýtast nemendum til þess að leggja mat á stöðuna sem og stofnuninni til þess að geta búið til tölfræði.

En gallar reyndust vera á þessari gjöf Njarðar, eða öllu heldur Menntamálastofnunar, til unga fólksins. Í fyrsta lagi þá er með ólíkindum að nemendur komist að því í gegnum fjölmiðla að þessi próf geta mögulega haft áhrif á stöðu þeirra gagnvart sumum framhaldsskólum. Vandamálið virðist reyndar einkum snúa að takmörkuðum fjölda framhaldsskóla og því umhugsunarefni hvort það sé nauðsynlegt að gera þann vanda að vanda alls árgangsins. En þetta er auðvitað ekki þessu unga fólki boðlegt og ekki heldur foreldrum þess og kennurum sem vinna að hag þess og velferð á hverjum degi.

Í öðru lagi er afar sérstakt að sjá það koma í ljós í kjölfar prófanna að ekki tóku allir sama prófið. Hvernig próf geta verið samræmd en ekki eitt og sama prófið, geta eflaust aðeins sérfræðingar Menntamálastofnunar svarað og það á sérdeilis góðum degi. Ef svarið er fólgið í þeirri staðreynd að á Íslandi er markmiðið að grunnskólanám sé einstaklingsmiðað, sem er hið besta mál, þá er samræmt námsmat auðvitað tilgangslaust með öllu. Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður í Skólastjórafélagi Íslands, benti á þessa staðreynd og það leiðir hugann óneitanlega að því hversu lítið virðist fara fyrir samstarfi við skólastjórnendur og kennara, fólkið sem vinnur með nemendum á hverjum degi.

Menntamálastofnun virðist þannig telja sig búa yfir nægilega mikilli þekkingu til þess að engin ástæða sé til þess að tala við fólkið á gólfinu. Fólkið sem virðist þó árlega vera í áfalli yfir starfsháttum stofnunarinnar. Þetta er dálítið eins og að Byggingamálastofnun kæmist einhliða að þeirri niðurstöðu að nú ættu allir húsasmiðir að notast einvörðungu við gúmmíhamra, því af þeim er mælanlega minni slysahætta en af hinum hefðbundna klaufhamri. En kannski á Menntamálastofnun eftir að útskýra þetta allt nánar, þó svo það sé enn og aftur eftir að ósköpin eru gengin yfir. En þá og í framtíðinni væri ekki úr vegi fyrir stofnunina að hafa í huga orð hugsuðarins Voltaire sem sagði svo ágætlega: „Það sem verður skilið á marga vegu á ekki skilið að verða útskýrt.“

**En þetta er auðvitað ekki þessu unga fólki boðlegt og ekki heldur foreldrum þess og kennurum sem vinna að hag þess og velferð á hverjum degi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Afmælisgjöfin**

**Þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tók við sem forsætisráðherra árið 2013 tók hann við þeim verkefnum, ásamt Bjarna Benediktssyni, að búa svo um hnútana að hægt yrði að afnema fjármagnshöft sem komið hafði verið á hér á landi eftir hrunið 2008. Stór hluti ráðherraferils hans fór í þetta og varð þeim félögunum talsvert ágengt. Kannski má segja að glíman við losun hafta hafi einkennt ráðherraferil hans. Það má því kannski segja að það sé nánast ljóðrænt að tilkynnt væri um endanlegt afnám fjármagnshaftanna á afmælisdegi forsætisráðherrans fyrrverandi, sem varð 42 ára í gær.**

**Vonbrigðin**

**Sjálfur segir Sigmundur á Fésbókarsíðu sinni að það hafi verið orðið löngu tímabært að aflétta höftum af almenningi og lækka svo vexti. Með því hafi snasast endanlega að aðgerðir fyrri ríkisstjórnar til að endurreisa efnahagslíf landsins og aflétta höftum hafi heppnast. En afmælisbarnið er hins vegar ekki ánægt með að stjórnvöld ætli að lyppast niður og leyfa forhertum vogunarsjóðum að kaupa evrur af Seðlabanka Íslands á tombóluverði. Það er á Sigmundi að skilja að herbragð vogunarsjóðanna hafi gengið upp, að losna við sig úr embætti svo þeir gætu leikið sér að nýjum ráðherra eins og köttur að mús.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Notandi eða skapandi



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Staðan er þessi: Við erum á barmi nýrrar iðnbyltingar. Við vitum að atvinnulíf framtíðarinnar verður ólíkt því sem það er í dag, þ.e. aukin áhersla á róbótavæðingu í ýmsum geirum atvinnulífsins og á gervigreind. Þess vegna verðum við að velta vandlega fyrir okkur og taka ákvarðanir sem fyrst, þ.e. hvaða hlutverk við ætlum að spila í framtíðinni. Ætlum við einungis að vera notendur nýrrar tækni eða ætlum við að skapa hana og byggja upp lífvænleg nýsköpunarfyrirtæki á þeim grunni?

Með því að skapa nýja tækni þá búum við til tekjur fyrir Ísland til framtíðar. Ekki bara með tekjuskatti vegna þeirra starfa sem skapast, heldur líka tekjur af vörunum sem við seljum á alþjóðlegum mörkuðum. Hér á landi eru fjölmörg sprotafyrirtæki sem og stærri nýsköpunarfyrirtæki eins og CCP, Marel og Össur, sem eru stöðugt að þróa framúrstefnuleg verkefni á heimsmælikvarða. Jarðvegurinn hér er frjór, flóran er til staðar en garðyrkjumaðurinn verður að vinna vinnuna og rækta garðinn sinn. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna.

Lög um nýsköpunarfyrirtæki sem voru sett í apríl á síðasta ári voru afar jákvætt skref en þau eru takmörkuð þar sem skattaívilnandi þakið er of lágt, en í Bretlandi t.d. er ekkert þak á skattaívilnanir til þróunarverkefna. Nú er staðan þessi að stærri nýsköpunarfyrirtæki þurfa sum hver að færa þróunarverkefni sín til annarra landa, ef þau hafa tækifæri til þess, þar sem það er mun hagkvæmara fyrir þau. Ef við ætlum að verða samkeppnishæf þá verðum við að beita sértækum aðgerðum og stuðningi þar sem gengissveiflur eru íslenskum fyrirtækjum erfiðar, við erum langt frá mörkuðum og það er oft erfitt að fá hæft starfsfólk í þau störf sem um ræðir.

Lagaumhverfið í dag hamlar vexti nýsköpunarfyrirtækja, bæði stórra og smárra, og við það verður ekki búið. Að mínu mati eigum ekki að líta á skattaívilnanir sem kostnað heldur leið til að auka tekjur okkar til framtíðar. Það er mín skoðun, að ef við förum ekki þá leið, þá verði róðurinn of þungur fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki og þau MUNU sitja eftir í alþjóðlegri samkeppni og ríkissjóður verður af miklum tekjum.

**Lagaumhverfið í dag hamlar vexti nýsköpunarfyrirtækja, bæði stórra og smárra, og við það verður ekki búið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Strútskýringar

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Stundum talar fólk eins og aldrei fyrr í mannkynssögunni hafi þekkst vitlausar skoðanir byggðar á tilfinningu, skapsveiflum og hagsmunum fremur en þekkingu á staðreyndum og ályktunum af bestu fáanlegum upplýsingum hverju sinni. Ætli það sé ekki ofmælt. Um aldir hafa menn setið á krám og kaffihúsum, í heitum pottum og eldhúsum – og þruglað. Setningar sem hefjast á orðunum „mér finnst …“ hafa ómað gegnum tíðina fullar af sjálfbirgingshætti og fólk með sérviskulegar skoðanir sem ekkert fær haggað – og allra síst veruleikinn – hefur yfirgnæft skynsemisraddir á mannfundum svo lengi sem menn hafa komið saman til að skiptast á skoðunum.

Þekking verður til við umhugsun, í samræðum en aldrei einræðum, við skoðun en ekki í skoðunum. Hún nærist á efanum. Hún verður til í opnum huga – ekki gegn betri vitund.

**Hin sigri hrósandi vanþekking**

Þetta vitum við. En með allsherjartengingu hins netvædda mannkyns fær fávísin rödd og rými sem aldrei fyrr – og í kjölfarið sjálfsvirðingu. Hin sigri hrósandi vanþekking breiðist út með ógnarhraða.

Þetta er sérlega áberandi í umræðum um loftslagsvandann. Þar er framtíðarsýnin svo ógnvænleg, verði ekkert að gert, og úrræðin sem þarf að grípa til svo róttæk, að mörgum reynist það um megn að horfast í augu við vandann, en freistast til að reyna að drepa málum á dreif með útúrsnúningum, vífilengjum og afneitunum. Þessa iðju mætti kalla strútskýringar, með vísan til hins snjalla nýyrðis „hrútskýring“ sem er þýðing Hallgríms Helgasonar á enska orðinu „mansplaining“ og vísar til áráttu karlmanna til að þagga niður í konum með yfirlætislegum útskýringum á hlutum sem þær þekkja iðulega betur en hrútskýrandinn.

Strútskýringar snúast um ólíkar aðferðir afneitunarsinna við að stinga höfðinu í sandinn. Þær magnast enn við þá sjálfsmynd sumra Íslendinga að þeir hafi til að bera „hið glögga búmannsauga“ sem oft fer saman við rótgróna tortryggni í garð vísindamanna: „Ja, það finnst mér ekki …“ segja þeir drjúglátir í umræðu um hlýnun jarðar, eins og það sé fullgilt innlegg í umræðuna að finnast hitt og þetta, og bæta jafnvel við að þeir sjái nú ekki betur en að heldur hafi bæst snjór í fjallið frá því í fyrra.

> Það er brýnt að lyfta málinu úr skotgröfum vinstri og hægri því að sjálfsögðu þarf að nýta kraft og hugkvæmni einkaframtaks og markaðslausna í samstarfi við opinbera aðila.

**Undanhald samkvæmt áætlun**

Þetta er undanhald samkvæmt áætlun og óhætt er að segja að barist sé um hvert hús. Þeim fer að vísu fækkandi, úrtölumönnunum, en það er afar óheppilegt að einn eindregnasti strútur landsins sé ráðherra í ríkisstjórninni, Sigríður Andersen, og meira að segja sérstakur talsmaður Sjálfstæðisflokksins í umhverfismálum, þar sem hún gerir gys að því að flokka rusl og berst fyrir frjálsum og óheftum útblæstri bíla.

Strútskýrandinn segist í fyrsta lagi hafa allan rétt á að draga í efa niðurstöður vísindamanna og að fólk sem mótmæli slíku tali sé haldið pólitískri rétthugsun, vilji þöggun og ritskoðun og telji sig yfir aðra hafið – „góða fólkið“. Í öðru lagi segir strútskýrandinn, er ekkert að hlýna í veröldinni. Í þriðja lagi, segir hann: þó að það sé að hlýna í veröldinni er það ekki vegna gróðurhúsaáhrifa af mannavöldum heldur eru þetta bara eðlilegar sveiflur.

Í fjórða lagi bendir hann á að þó að það sé að hlýna á Jörðinni vegna gróðurhúsaáhrifa af mannavöldum þá séu það góðar fréttir, við getum unað okkur í sólbaði, gróður vex og okkur líður vel. Í fimmta lagi segja þau að þó að hlýnunin muni hafa skelfilegar afleiðingar fyrir líf mannanna hér á Jörðu sé of seint að bregðast við; of dýrt sé að hætta að nota olíu og nær sé að einbeita sér að því að útrýma hungri meðan beðið er eftir því að finnist annar hnöttur þar sem mannkynið getur tekið sér bólfestu.



Sigríður Andersen dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er brýnt að lyfta málinu úr skotgröfum vinstri og hægri því að sjálfsögðu þarf að nýta kraft og hugkvæmni einkaframtaks og markaðslausna í samstarfi við opinbera aðila. Kominn er tími til að íhaldsmenn standi undir nafni, hætti þessum sífelldu vífilengjum og strútskýringum og taki upp hið gamla merki Birgis Kjaran og annarra sannra náttúruverndara í Sjálfstæðisflokknum – gerist raunverulegir varðveislumenn, og hætti að fylgja eyðingaröflunum að málum. Við megum engan tíma missa. Við þurfum á öllum að halda. Við þurfum að taka höndum saman öll og styðja nýjan umhverfisráðherra, Björt Ólafsdóttur, í hennar góðu áformum um að standa við loforðin sem Íslendingar hafa gefið í þessum mikilvægasta málaflokki mannkyns.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar.

Borg hjólandi vegfarenda

Þriðjudaginn 14. mars kl. 20 á Kjarvalsstöðum



Eva Dís Þórðardóttir



Emil Þór Guðmundsson



Gígja Gunnarsdóttir



Hjálmar Sveinsson

Hvernig þróum við hrífandi borg fyrir hjólandi vegfarendur? Góðar aðstæður til hjólreiða í Reykjavík gefa borgarbúum tækifæri til að sinna erindum sínum og njóta útivistar á greiðan og öruggan hátt.

Gestir fundarins um hjólaborgina eru Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur hjá EFLU og stjórnarmaður í Vistbyggðaráði, Emil Þór Guðmundsson, hjólreiðamaður og eigandi Kría Hjól – hjólaverkstæði og verslun og Gígja Gunnarsdóttir, íþrótta- og heilsufræðingur hjá Embætti landlæknis, ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Hjólaborgin verður skoðuð út frá nokkrum sjónarmiðum, m.a. borgarbrag, fjölbreytni, heilsu og sjálfbærni og samanburði við aðrar hjólaborgir.

Fundurinn verður á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum

Allir eru velkomnir. Heitt á könnunni.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Makita®
Verkfæri atvinnumannsins

18V sett: 10 verkfæri í einu setti
10 vélar, 5 rafhlöður + 2 hleðslutæki

10 stk sett - DLX1006TJX2
Borvél
Hersluskrúfvél
Hjólsög
SDS+ Höggbor
Slípirokkur
Multisög
Vinkilborvél
Pússari
Sverðsög
Stingsög
5 x 5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir
Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 45 mín
Trilla fyrir verkfæri fylgir



Kr. 335.000,-
með VSK

18V sett: 6 verkfæri í einu setti
6 vélar, 3 rafhlöður + 1 hleðslutæki

6 stk sett - DLX6066TJX12
| | |
|---|---|
| Borvél | DHP481 |
| Hersluskrúfvél | DTD129 |
| Hjólsög | DHS680 |
| SDS+ Höggbor | DHR243 |
| Slípirokkur | DGA506 |
| Multisög | DTM51 |
| 3 x 5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir | |
| Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 45 mín | |
| Trilla fyrir verkfærin fylgir | |



Kr. 230.000,-
með VSK

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Krókháls 16 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 568-1555|



FERÐAKYNNING
SUÐUR AFRÍKA &
SUÐUR AMERÍKA
HLÍÐASMÁRA 19,
16. MARS KL. 17:30

8.–20. NÓVEMBER

# SUÐUR AMERÍKA

## ARGENTÍNA & URUGUAY

2 vikna ferð til Argentínu og Uruguay. Gist eina nótt í Uruguay og hinar næturnar á tveimur stöðum í Argentínu mest í höfuðborginni Buenos Aires. Tangó, saga, menning, vín, krydd og skínandi sól. Frá seiðandi dansi og æsandi matarhefð, þá er Argentína, „land silfursins", þekkt fyrir sjóðandi menningu og sögu. Fararstjóri: Heiðar Jónsson

**MIKIÐ INNIFALIÐ**

- Flug með British Airways
- Gisting á sérvöldum hótelum
- Fjölbreyttar skoðunarferðir
- Vínsmökkun
- Tangósýning og sigling
- Íslensk fararstjórn
- Morgunverður á hótelum
- 8 x hádegisverður
- 3 x kvöldverður

## SPENNANDI BORGAR-, SÉRFERÐIR OG SIGLINGAR // SKIPULEGGJUM FERÐI




**DUBLIN PÁSKAR** 13.–17. APRÍL

VERÐ FRÁ **79.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði.

**SANDYMOUNT HOTEL** ★★★★

Íslensk fararstjórn.




**BÚDAPEST** 21.–24. APRÍL OG 28.–1. MAÍ

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði.

**IBIS STYLE BUDAPEST** ★★★

Flottar skoðunarferðir. Fleiri brottfarir í boði.




**PARÍS** 28. APRÍL – 1. MAÍ

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði.

**PREMIER OPERA FAUBOURG** ★★★★

Löng helgi - frídagur 1. maí.

ÚRVAL ÚTSÝN



31. OKT. - 14. NÓV.

# SUÐUR AFRÍKA

## CAPE TOWN & GARDEN ROUTE

2 vikna ferð um Cape Town og Garden Route leiðina. Gist verður í litlum þorpum og bæjum á leiðinni. Framandi menning, stórkostleg náttúra, fjölbreytt dýralíf og frábær vín beint af ekrunni. Hagstætt verðlag — góðir flugtímar og þægilegur tímamismunur. Fararstjóri: Ingibjörg Áskelsdóttir

**MIKIÐ INNIFALIÐ**

- Flug með British Airways
- Gisting á sérvöldum hótelum
- Ferðir og aðgangur að stöðum sem verða heimsóttir
- Íslensk fararstjórn
- Morgunverður á hótelum
- 4 x hádegisverður
- 4 x kvöldverður
- 6 x vínsmökkum

R FYRIR ALLAR GERÐIR AF HÓPUM // SENDU OKKUR LÍNU Á **HOPAR.UU.IS**




**AUSTUR KARÍBAHAF** 20. OKT. –1. NÓV.

VERÐ FRÁ **319.900 KR.**

Verð á mann í innri klefa.
Fararstjóri: Sr. Hjálmar Jónsson.
Siglt með Oasis of the Seas.



**THAÍLAND KOMIÐ Í SÖLU**

OKTÓBER OG NÓVEMBER 2017 — VINSÆLT!
Strönd, borg og íslensk fararstjórn.

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli.



**DUBAI** 31. OKT. – 7. NÓV. OG 14.–21. NÓV.

VERÐ FRÁ **249.900 KR.**

Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn.

**ATLANTIS** ★★★★★ **— FJÖLSKYLDUPARADÍSIN**

Íslensk fararstjórn.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

## Engin lofthræðsla í Ásgarði



**Glæsileg tilþrif í Garðabænum** Það var mikið um dýrðir í Ásgarði um helgina þar sem Bikarmót FSÍ í hópfimleikum fór fram. Á myndinni hér að ofan sýnir karlalið Gerplu frábær tilþrif. Gerpla var eina félagið sem sendi lið til keppni í karlaflokki en þeim fjölgar vonandi á næstu árum. Annars var það Stjarnan sem skein skærast á heimavelli um helgina. Kvennalið Stjörnunnar varð bikarmeistari annað árið í röð en Stjörnukonur höfðu betur gegn Gerplu. Stjarnan vann einnig öruggan sigur í flokki blandaðra liða eftir baráttu við Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fullkominn Gróttudagur á Ásvöllum

**Handboltalið Gróttu gerðu góða ferð á Ásvelli á laugardaginn. Uppskeran var tveir sigrar á Haukum. Kvennaliðið vann 10 marka stórsigur, 18-28, og karlarnir unnu Íslandsmeistara Hauka, 27-29. Bæði Gróttuliðin hafa verið á góðum skriði á undanförnum vikum.**

**HANDBOLTI** Eftir brösótt gengi fyrir áramót hafa Íslandsmeistarar Gróttu sýnt tennurnar á undanförnum vikum. Gróttukonur hafa unnið fjóra af síðustu fimm leikjum sínum og eru í 5. sæti Olís-deildar kvenna með 17 stig, jafn mörg og ÍBV sem situr í 4. sætinu. Fjögur efstu lið deildarinnar komast í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn.



Laufey Ásta Guðmundsdóttir

„Það er erfitt að segja en ætli það hafi ekki verið sterk vörn og hraðaupphlaupin sem við fengum,“ sagði Laufey Ásta Guðmundsdóttir, fyrirliði Gróttu, aðspurð hvað hafi skilað sigrinum á Haukum á laugardaginn var.

Þrátt fyrir að Gróttu hafi gengið mun betur eftir áramót en fyrir á Laufey Ásta erfitt með að setja fingurinn á hvað hafi breyst til batnaðar hjá liðinu.

„Ég hef ekki hugmynd. Við gerum ekkert öðruvísi og höfum þannig séð ekki breytt neinu. Það er ekkert eitt,“ sagði Laufey Ásta sem hrósaði markverðinum unga, Selmu Þóru Jóhannsdóttur, sem hefur spilað vel í undanförnum leikjum.

„Selma hefur staðið sig rosalega vel og nær saman við vörnina. Það er alveg magnað hversu vel hún hefur komið sér inn í þetta,“ sagði Laufey um markvörðinn efnilega.

Aðeins þrjár umferðir eru eftir af deildarkeppninni en í þeim mætir Grótta m.a. botnliðunum tveimur, Selfossi og Fylki. Laufey Ásta segir að það sé ekkert endilega gott fyrir Gróttu.

„Við höfum bæði tapað og gert jafntefli við Fylki og duttum út úr bikarnum fyrir Selfossi. Mér finnst stigafjöldi þeirra ekki segja alla söguna,“ sagði Laufey Ásta að lokum.

### Þvílíkur styrkur að klára þetta

Aron Dagur Pálsson skoraði níu mörk þegar Grótta vann góðan sigur á Íslandsmeisturum Hauka, 27-29, á laugardaginn. Sigurinn var afar mikilvægur fyrir Gróttu í botnbaráttunni/baráttunni um sæti í úrslitakeppninni en liðið er í 7. sæti Olís-deildar karla með 18 stig, einu stigi frá fallsæti þegar fimm umferðir eru eftir.



Aron Dagur Pálsson

Haukar voru með frumkvæðið í fyrri hálfleik og náðu góðu forskoti. En þökk sé tveimur mörkum frá Aroni Degi undir lok fyrri hálfleiks var munurinn í hálfleik aðeins fjögur mörk, 18-14. Seltirningar sýndu svo mikinn styrk í seinni hálfleik og náðu að landa sigrinum.

„Þeir náðu 6-7 marka forskoti um miðjan fyrri hálfleik og þetta var orðið svart. En fjögur mörk í hálfleik var ekkert hræðilegt og við jöfnuðum eiginlega strax í seinni hálfleik. Síðan var þetta hörkuleikur allt til enda,“ sagði Aron Dagur sem hefur skorað 66 mörk í 18 deildarleikjum á tímabilinu.

„Við höfum oft verið í jöfnum leikjum í vetur og tapað þeim. En við sýndum þvílíkan styrk að klára þetta. Varnarleikurinn var frábær í seinni hálfleik og markvarslan var góð allan leikinn. Síðan kláruðum við sóknirnar okkar miklu betur.“

Grótta byrjaði tímabilið af krafti og fékk sjö stig út úr fyrstu fjórum leikjunum. En átta af næstu 10 leikjum töpuðust og staðan var ekkert sérstaklega góð. Seltirningar hafa hins vegar verið á ágætis skriði eftir áramót; unnið þrjá leiki, gert eitt jafntefli og tapað tveimur leikjum.

„Það urðu miklar breytingar á liðinu frá síðasta tímabili og við fengum nánast nýja útilínu fyrir utan mig. Ég held að menn hafi bara verið að læra hver á annan en núna er þetta allt vonandi að smella,“ sagði Aron Dagur. Að hans sögn var markmið Gróttu að vera á svipuðum stað og í fyrra en þá lenti liðið í 5. sæti Olís-deildarinnar.

Aron Dagur er hluti af U-21 árs liði Íslands sem keppir á HM í Alsír í sumar. Miklar væntingar eru gerðar til strákanna en þessi sami hópur vann til bronsverðlauna á HM U-19 ára fyrir tveimur árum. Aron Dagur segir að íslenska liðið setji stefnuna á að vinna til verðlauna í sumar.

„Þetta er stórt tækifæri fyrir alla sem eru í liðinu. Við ætlum að vinna til verðlauna og vonandi verður rétturlitur á þeim. Það hentar okkur vel að vera með háleit markmið,“ sagði Aron Dagur. **ingvithor@365.is**

# Fólk

## Heimili

MÁNUDAGUR 13. MARS 2017



„Ég vil meina að við séum killerkombó,“ segir Baldur Björnsson, mynd- og raftónlistarmaður, en hann skipar hönnunartvíeykið And Anti Matter ásamt Þóreyju Björk Halldórsdóttur fatahönnuði. MYND/EYÞÓR

# Fagurfræðilegir nytjahlutir

Þórey Björk Halldórsdóttir fatahönnuður og Baldur Björnsson, mynd- og tónlistarmaður, skipa hönnunartvíeykið And Anti Matter. Þau frumsýna línu skúlptúrískra nytjahluta á komandi HönnunarMars.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Það er eitthvað fallegt við það að annað okkar hafi unnið í hörð efni eins og stál og steypu og hitt í mjúk. Ég vil meina að við séum killerkombó, “ segir Baldur Björnsson, mynd- og raftónlistarmaður, en hann skipar hönnunartvíeykið And Anti Matter ásamt Þóreyju Björk Halldórsdóttur fatahönnuði.

Baldur og Þórey frumsýna línu skúlptúrískra nytjahluta á komandi HönnunarMars sem urðu til eftir samvinnu þeirra við jóladagatal Hönnunarmiðstöðvar.

„Okkur hafði lengi langað til að vinna saman þegar við vorum fengin til að hanna jóladagatalið. Meðfram því hönnuðum við einnig sýningar- og sölurými í miðstöðinni og hluti inn í það. Í þeirri vinnu urðu til prótótýpur að áhugaverðri, mögulegri línu sem við kynnum nú á HönnunarMars,“ útskýrir Baldur.

„Við köllum þetta skúlptúríska nytjahluti, hlutir sem ganga upp fagurfræðilega og hægt er að líta á sem skrautmuni en hafa innbyggða funksjón. Við sýnum fatahengi, ljós og eins konar fjölnota stykki sem hægt er að raða upp á mismunandi hátt og nota undir blóm, smáhluti og jafnvel kökur. Efnið er stál og steinsteypa



Beikon er í uppáhaldi hjá mörgum. Margar uppskriftir eru auðveldar og hægt að gera hversdags þegar lítill tími er til matargerðar.
helgin →6





Vörulínan spratt út frá hönnun inn í sýningarrými Hönnunarmiðstöðvar.



„Fjölnota stykki sem hægt er að raða upp á mismunandi hátt og nota undir blóm, smáhluti og jafnvel kökur.“ MYND/AND ANTI MATTER

sem við síðan málum og vinnum áferðir á og einnig korkur. Ljósin eru neonljós, líkt og eru í skiltum.“

Hver hlutur kemur til með að verða framleiddur eftir pöntun. Baldur segir þau Þóreyju ekki líta á takmarkaða framleiðslugetu á Íslandi sem hindrun heldur tækifæri.

„Framleiðslugeta á Íslandi er lítil og kallar því á ákveðna sköpun. Við höfum sóst eftir því að vinna með smærri verksmiðjum og leyfum ferlinu að ráða niðurstöðunni.

Litirnir fara til dæmis eftir því hvaða litaskala Pólýhúðun vinnur með, hæfa þeir? Þarf að endurhugsa eitthvað? Það verður ákveðin víxlverkun og eitthvað nýtt verður til. Við lítum ekki á það sem veggi heldur sem stökkpall að nýjum útfærslum. Það sem okkur finnst einnig svo fallegt við þessi litlu verkstæði með sérhæfða þekkingu er að það er svo auðvelt að leita til þeirra. Maður er strax kominn inn á gólf í verksmiðjunni, þar verður til samtal og fólk miðlar sinni sérþekkingu. Slík nærsamvinna er gefandi,“ segir Baldur.

Viðburður And Anti Matter á HönnunarMars kallast Áður útgefið og stendur dagana 24.-26. mars. Sýningin fer fram í einni minnstu verksmiðju í Reykjavík.

„Við sýnum í Kolburstaverksmiðjunni Kóral sf. á Vesturgötu 55 en hún hefur starfað í 55 ár. Ég tengist þessari verksmiðju því afi minn stofnaði hana. Afi er hættur en sá sem tók við var svo vinsamlegur að leyfa okkur að nota hana sem sýningarrými.“



„Við köllum þetta skúlptúríska nytjahluti, hluti sem ganga upp fagurfræðilega og hægt er að líta á sem skrautmuni en hafa innbyggða funksjón.“



Nytjahlutir sem ganga einnig upp sem skraut.



„Það er eitthvað fallegt við það að annað okkar hafi unnið í hörð efni eins og stál og steypu og hitt í mjúk.“


LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



TUDOR Rafgeymar



Er snjósleðinn tilbúinn fyrir frost og fjöll?
Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.
TUDOR ekki bara öruggt start líka gæði

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
BÍLDSHÖFÐA 12 • 110 RVK • 577 1515 • WWW.SKORRI.IS



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



„Ég fór á námskeið um svefn og lærði heilmikið.“ MYNDIR/STEFÁN



„Hér eru sjúkraþjálfarar, íþróttafræðingar og læknar sem veita manni gott aðhald og það er fylgst vel með manni.“



Hjá Heilsuborg er hugræktin ekki síður mikilvæg en líkamsræktin.



Hansa fer í rækt minnst þrisvar í viku.

# Engar öfgar hjá Heilsuborg

## Heilsuborg kynnir Heilsulausnir fyrir þá sem vilja rækta líkama og sál. Jóhanna Vigdís Arnardóttir hefur æft í Heilsuborg frá því hún var opnuð.

Jóhanna Vigdís hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Hún hóf störf hjá Samtökum iðnaðarins fyrir fáum vikum og er í einu aðalhlutverkanna í Mamma Mía sem hefur gengið fyrir fullu húsi í meira en ár. Þrátt fyrir miklar annir mætir Hansa, eins og hún er alltaf kölluð, reglulega í ræktina hjá Heilsuborg og segist finna mikinn mun á sér ef hún gefur sér ekki tíma til að sinna heilsunni.

„Ég hef æft hjá Heilsuborg frá því að hún var opnuð. Þegar Anna Borg, vinkona mín, stofnaði Heilsuborg í félagi við Erlu Gerði Sveinsdóttur heimilislækni ákvað ég strax að æfa þar. Ég reyni að mæta eins oft og ég get, enda líður mér best þegar ég hreyfi mig reglulega.“

### Unnið með einstaklinginn

Í gegnum tíðina hefur Hansa mætt allt að sex sinnum í viku í Heilsuborg, ekki síst þegar hún þarf að koma sér í gott form fyrir leiksýningar. Hjá Heilsuborg hefur frá upphafi verið lögð áhersla á samþætta nálgun til að aðstoða einstaklinga við að byggja upp og viðhalda góðri heilsu í daglegu lífi. „Það sem mér finnst svo skemmtilegt við Heilsuborg er að þar er unnið með hvern og einn. Við erum nokkrar í morgunhópi sem mætum á milli níu og tíu og erum þá með þjálfara með okkur. Það eru mismunandi tímar allan daginn og þeir sem þurfa að mæta snemma í vinnuna geta komið klukkan 6.20 og svo eru auðvitað tímar seinnipart dags. Svo getur fólk auðvitað mætt til að stunda líkamsræktina eina og sér,“ segir Hansa.

### Engin boð og bönn

Þjálfarar Heilsuborgar eru allir vel menntaðir, hver á sínu sviði. „Mér finnst það mikill kostur. Hér eru sjúkraþjálfarar, íþróttafræðingar og læknar sem veita manni gott aðhald og það er fylgst vel með manni. Hægt er að fá góð ráð um mataræðið en það eru engin boð og bönn, sem er gott fyrir fólk eins og mig sem elskar að vera til og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Nálgunin er öll á skynsamlegum nótum,“ segir Hansa, sem er ekki hrifin af neinum öfgum. „Mér var t.d. ráðlagt að borða meira af grænmeti og ávöxtum og minnka neyslu á brauði, pasta, kaffi og áfengi en það er samt ekkert bannað.“

Eftir að Hansa fór að vinna hjá Samtökum iðnaðarins hefur hún fundið meiri þörf fyrir að mæta í ræktina því hún hreyfir sig minna í því starfi en í leikhúsinu. „Markmiðið er að mæta fimm sinnum í viku. Hins vegar er ég alveg sátt við sjálfa mig hvort sem ég næ því eða ekki og dreg mig ekkert niður þótt ég nái aðeins þremur skiptum vikulega.“

### Hagnýt námskeið

Hjá Heilsuborg er hugræktin ekki síður mikilvæg en líkamsræktin, að sögn Hönsu. „Þar er reynt að kafa dýpra og finna út hvers vegna fólk hefur tamið sér ákveðinn lífsstíl. Oft eru hreyfingaleysi og slæmt mataræði afleiðingar af einhverju öðru. Fólk fær hjálp með þetta og persónulega þjónustu. Sjálf finn ég áhugann og kærleikann streyma frá starfsfólkinu.“

Hjá Heilsuborg eru reglulega námskeið og fyrirlestrar og hefur Hansa nýtt sér það. „Stress leggst þannig í mig að ég sef ekki vel. Ég fór því á námskeið um svefn og hef heilmikið notfært mér það sem ég lærði þar,“ segir Hansa sem mælir með Heilsuborg fyrir alla sem vilja hafa líkamsrækt sem fastan punkt í sínu lífi og taka upp heilbrigðan lífsstíl.

Innt eftir því hvort hún ætli sér alveg að hverfa af leiksviðinu segir hún að sig hafi langað til að prófa að skipta um vettvang og vera í „venjulegri“ vinnu. „Ég fékk launalaust ársleyfi frá Borgarleikhúsinu frá og með næsta hausti en ég mun halda áfram að leika í Mamma Mía þar til sýningum verður hætt. Það er ekkert lát á aðsókninni og verið að selja miða fram í maí. Ég ætla bara að sjá til hvernig mér líkar að vinna utan leikhússins og þetta er fyrsta skrefið í þá átt.“

### Heilsulausnir – Léttara líf eru vinsælastar

Heilsulausnir – Léttara líf er vinsælasta námskeið Heilsuborgar frá upphafi, enda er þar tekið á öllum þeim þáttum sem stuðla að góðri heilsu. Áherslan er á að ná árangri sem endist. „Það er nefnilega lítið mál að fara í átak en flóknara að halda árangrinum þegar venjulega lífið tekur við. Í Heilsuborg lærir maður þetta allt“ segir Hansa.

**Kynningarfundur um Heilsulausnir er haldinn í Heilsuborg á morgun, þriðjudaginn 14. mars, kl. 17.30 í Faxafeni 14.**

Hansa hvetur þá sem eru að velta málunum fyrir sér til að mæta á fundinn og kynna sér það sem Heilsuborg hefur upp á að bjóða. „Það kostar ekkert að kynna sér málið,“ segir Hansa. „Heilsan er það dýrmætasta sem við eigum.“



„Það kostar ekkert að kynna sér málið,“ segir Hansa. „Heilsan er það dýrmætasta sem við eigum.“ MYND/STEFÁN



Yfirbyggingin við Les Cols veitingastaðinn í Girona á Spáni. MYND/HISAO SUZUKI



Bell–Lloc víngerðin í Palamós á Spáni. MYND/HISAO SUZUKI



Soulages safnið í Rodez í Frakklandi. MYND/HISAO SUZUKI

# Þrjú hljóta Pritzker-verðlaunin

## Rafael Aranda, Carme Pigem og Ramon Vilalta hljóta Pritzker-arkitektaverðlaunin árið 2017 en verðlaunin eru þau æðstu sem veitt eru arkitektum í heiminum.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Arkitektarnir þrír, sem eru frá bænum Olot í Katalóníu á Spáni, hafa unnið saman frá því þau stofnuðu fyrirtæki sitt RCR Arquitectes í heimabæ sínum árið 1988.

Þetta er í fyrsta sinn sem þrír arkitektar hljóta verðlaunin saman en samstarf þeirra er talið einstakt enda deili þau hönnunarferlinu öllu jafnt.

Vinna þremenninganna er talin sýna óbilandi tryggð við staðhætti og sögu. Þau búa til rými sem eru í stöðugri samræðu við nánasta umhverfi og leitast við að tengja hið ytra við hið innra. Þau hafa vakið athygli fyrir notkun á nýstárlegum efnivið eins og endurunnu stáli og plasti.



Rafael Aranda, Carme Pigem og Ramon Vilalta MYND/JAVIER LORENZO DOMÍNGUEZ

Þau Rafael, Carme og Ramon hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum, frá opinberum og persónulegum rýmum til menningarlegra staða og menntastofnana. Meðal athyglisverðra verkefna arkitektahópsins má nefna La Cuisine listamiðstöðina (Nègrepelisse, Frakklandi, 2014), Soulages safnið sem þau hönnuðu í samvinnu við G. Trégouët (Rodez, Frakklandi, 2014), La Lira Theater almenningsrýmið í samvinnu við J. Puigcorbé (Ripoll, Girona, Spáni, 2011), sýningartjald Les Cols veitingahússins (Olot, Girona, Spáni, 2011), El Petit Comte leikskólann sem þau unnu í samvinnu við J. Puigcorbé (Besalú, Girona, Spáni, 2010) og Bell-Lloc víngerðina (Palamós, Girona, Spáni, 2007).

Þá má einnig nefna Sant Antoni – Joan Oliver bókasafnið, félagsmiðstöð eldri borgara og Cándida Pérez garðana (Barcelona, Spáni, 2007), og Tossol-Basil íþróttaleikvanginn (Olot, Girona, Spáni, 2000).

Afhending Pritzker-verðlaunanna fer fram í Akasakahöll í Tókýó í Japan þann 20. maí.






Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða
Sími 512 5402
serblod@365.is
FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignir.is

Vísir.is – Fréttablaðið

11. TBL. MÁNUDAGUR 13. MARS 2017



heimili fasteignasala
– á traustum grunni

Finndu okkur á Facebook

MOTTU MARS


Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason


Gunnlaugur A. Björnsson


Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir


Hafdís Una Guðnýjardóttir
lögfræðingur

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



## Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð


**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**


**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**


**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**


**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.


**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**


**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
**893 4718**


**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**


**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

Framúrskarandi fyrirtæki 2015

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is


# Ellefu nýjar íbúðir í Álalind

LIND Fasteignasala hefur til sölu 11 íbúðir að Álalind 10. Hægt er að velja milli 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúða.


**Álalind 10 er í miðju nýs hverfis norðan Smáralindar.**

Álalind 10 er staðsett í miðju nýs hverfis norðanmegin við Smáralind. Húsið er fjögurra hæða lyftuhús með ellefu íbúðum. Í kjallara hússins er sameiginleg upphituð (frostfrí) bílageymsla. Húsið er að hluta til á svifi, sem gefur því glæsilegt yfirbragð.

Á fyrstu hæð eru geymslur fyrir íbúðir ásamt reiðhjóla- og sorpgeymslu.

Íbúðir verða á 2. til 4. hæð og verða 3ja, 4ra og 5 herbergja. Stærð íbúða er á bilinu 106 – 188 fm.

Lofthæð íbúða á 3. og 4. hæð verður tæpir 3 metrar.

Fjórar íbúðir eru á hæð að undanskilinni efstu hæð sem er með þrjár íbúðir og er ein þeirra með 76 fm þaksvölum.

Burðarvirki fjölbýlis er staðsteypt með hefðbundnum hætti og eru útveggir einangraðir að utan og klæddir, þannig er viðhaldi hússins haldið í lágmarki.

Fyrsta hæð verður flísaklædd og 2.– 4. hæð verður álklædd, veggir inni á svölum verða klæddir með lerki.

Stórar svalir fylgja öllum íbúðum og snúa þær í suðvestur. Glerhandrið verður á svölum, sá möguleiki er fyrir hendi að setja upp svalalokanir.


Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Asparteigur 5 - 270 Mosfellsbær





**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Glæsilegt 223,5 m2 parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í alla helstu þjónustu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. Góð lofthæð og stórir gluggar sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Suðurgarður með timburverönd og geymsluskúr. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. **V. 86,4 m.**

### Vefarastræti 7-13 - Nýtt fjölbýlishús



AÐEINS 4 ÍBÚÐIR EFTIR




Við vorum að fá í sölu vel skipulagðar íbúðir í byggingu við Vefarastræti 7-13 í Helgafellshverfinu í Mosfellsbæ. Íbúðir skilast fullbúnar með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð. Afhending í janúar 2018.
**4ra herbergja íbúð verð 44,9 m. - 5 herbergja íbúðir verð frá 47,5 m.**

### Veröld við Hafravatn




Fallegt 99,6 m2 heilsárshús við Hafravatnsveg, með miklu útsýni, rétt við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið stendur á afskaplega fallegum stað upp í hlíðum Hafrafells, rétt ofan við Hafravatnsveg. Húsið er byggt úr timbri við steinsteypt jarðhýsi sem er fellt inn í landhallann. Gólf og pallar standa á steyptum súlum. **V. 47,0 m.**

### Völuteigur 6 - 270 Mos.




1.487,3 m2 atvinnuhúsnæði við Völuteig 6 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 1.008,7 m2 rými á jarðhæð og 478,6 m2 milligólf. Jarðhæðin skiptist í 572,1 m2 iðnaðarrými með stórri innkeyrsluhurð og 222,1 m1 iðnaðarrými með annari innkeyrsluhurð. **V. 165,0 m.**

### Kleppsvegur 34 - 105 Rvk.




93,9 m2, 4ra herb. íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú herbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Sérgeymsla í kjallara. **V. 37,9 m.**

### Hörgshlíð 10 - 105 Reykjavík




238,1 m2 einbýlishús á tveimur hæðum við Hörgshlíð 10 í Reykjavík. Eignin skiptist í sex herbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, tvær forstofur, stofu, eldhús og borðstofu. Eignin er skráð á tveimur fastanúmerum. Íbúð merkt 01-01 er 97,2 m2 og íbúð 02-01 er 140,9 m2, en eignin er samtals 251,8 m2 að meðtöldum sameignarfermetrum hússins. **V. 89,9 m.**

### Miðbraut 19 - 170 Seltjarnarnes




83,2 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt 23,8 m2 endabílskúr í fjórbýlishúsi við Miðbraut 19 á Seltjanarnesi.

Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofuhol, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús, stofu og borðstofu.

**V. 48,5 m.**

### Laxatunga 104 og 106 - 270 Mosfellsbær



Raðhús í byggingu við Laxatunga 104 í Mosfellsbæ. Eignirnar afhendast á byggingarstigi 4, skv. skilalýsingu verktaka. Birt stærð hvorrar eignar eru 167,1 m2, þar af er íbúðarhluti 139,2 m2 og sambyggður bílskúr 27,9 m2. Gert er ráð fyrir þremur svefnherbergjum, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofa liggja saman í opnu rými með mikilli lofthæð. Afhending í maí/júní 2017. **V. 45,0 m2 og 46,9 m.**

### Leirutangi 21B - 270 Mosfellsbær




92,5 m2, íbúð með sérinngangi á neðri hæð í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust, en það skiptist í herbergi, þvottahús og geymslu. Afgirtur sérgarður með verönd er fyrir framan húsið. Góð staðsetning. Stutt á golfvöll, skóla og leikskóla.

**V. 33,3 m.**

**FOLD FASTEIGNASALA**

*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*




**Viðar Böðvarsson** viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson** lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir** lögg. fast.
kristin@fold.is
**Rakel Viðarsdóttir** viðskiptalögfr.
rakel@fold.is
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132


## Hraunbær 180, 110 Reykjavík.
**OPIÐ HÚS MÁN 13. MARS KL. 16:30-17:00**




Hraunbær 180, íbúð 203. Góð 107,4 fm 5 herbergja í búð á annarri hæð. Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag.

**Verð 39 millj.**
**Opið hús mánudaginn 13. mars kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Brekkugata 51,
**ÞINGEYRI**



Mjög gott og vel viðhaldið 151,7 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á útsýnisstað. Stór og góð lóð. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Parket og flísar á gólfum. Gott innra skipulag.

**Verð 24,9 millj.**

## Hlégerði 37,
**200 KÓPAVOGUR**



140 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Niðri er forstofa, salerni, þvottahús, eldhús, stofa og borðstofa. Uppi eru 4 svefnherbergi, baðherbergi og geymsla. Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Verð 47 millj.**

## Safamýri,
**5 HERBERGJA JARÐHÆÐ/KJALLARI**



Ca. 110 fm. falleg lítið niðurgrafin kjallaraíbúð á rólegum, góðum stað í Safamýri. Skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi ásamt sérgeymslu og sameiginlegu þvottahúsi á hæðinni. Eignin er laus við samning. Bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

**Verð 43 millj.**

## Mávahlíð
**3JA HERBERGJA - LAUS**



Rúmlega 80 fm. íbúð á frábærum stað í Hlíðunum. Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og bað. Laus við kaupsamning. Lyklar á skrifstofu. Vinsamlegast bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

**Verð 35 millj.**

## Barmahlíð
**3JA- LAUS.**



Ca. 79 fm. kjallaraíbúð á frábærum stað í Hlíðunum. Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og bað. Laus við kaupsamningsgerð. Hafið samband við sölumenn Foldar og við sýnum ykkur eignina þegar ykkur hentar.

**Verð 34 millj.**

## Breiðvangur 14,
**220 HAFNARFJÖRÐUR**



60 fm 3ja herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) í ágætu fjölbýli í Norðurbænum. Mikið útsýni. Parket og dúkur á gólfum. Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Verð 26 millj.**

## Samtún 22,
**105 REYKJAVÍK**



47 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara, sérinngangur. Parket og flísar á gólfum. Sameiginlegt þvottahús á sömu hæð. Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Verð 25 millj.**

## Samtún 20,
**105 REYKJAVÍK**



60 fm 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum. Íbúðin þarfnast lagfæringar. Sameiginlegur inngangur. Laus við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Verð 22 millj.**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***

---

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
**Sími 562 4250**

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is




**Hilmar Óskarsson** Framkvæmdarstjóri Gsm: 896-8750
**Óskar Þór Hilmarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 822-8750
**Guðjón Sigurjónsson** Aðstm. í námi til lögg. fsl. Gsm: 846-1511
**Pálmi Almarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 896-3344
**Smári Jónsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 864-1362
**Auður Kristinsdóttir** Löggiltur fasteignasali Gsm: 824-7772
**Hildur Edda Gunnarsdóttir** Lögfr./Aðstm. Gsm: 661-0804
**Ólafur Tryggvason** Aðstoðarmaður GSM: 825-1371





**Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu.**
Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**Stórglæsilegar íbúðir með sjávarútsýni við Lund 5 í Kópavogi.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.isa**




**Stórglæsilegar íbúðir við Lund 25 í Kópavogi.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 25 í Fossvogsdal í 11 íbúð fjölbýlishúsi. Húsið er 5 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 111 til 179 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**



**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30**

**MIÐBRAUT 19**
- 170 Seltj.
- 107 fm.
- 3ja herb.
- Bílskúr.
- **Verð 48,5 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**



**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30**

**RAUÐAVAÐ 25**
- 110 Rvk.
- 4ra herb.
- 2. hæð.
- 117,7 fm.
- Stæði í bílageymslu.
- Fallegt útsýni
- **Verð 46,4 milljónir.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**



**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.45**

**MARBAKKABRAUT 34**
- 200 Kóp.
- Einbýli.
- 260,2 fm.
- Stór bílskúr.
- Góð svefnherbergi.
- Sjávarútsýni.
- **Verð 72,9 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:45**



**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30**

**FAXATÚN 21**
- 210 Gbæ.
- Einbýlis.
- 136,3 fm.
- Laust við kaupsamning.
- **Verð 52,9 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**EIN HÆÐ**



**BRAUTARLAND**
- 108 Rvk.
- Ein hæð.
- Endaraðhús.
- 183 fm.
- Stór lóð.
- Innbyggður bílskúr.
- Mikið endurnýjað innan sem utan.
- **Tilboð óskast.**

**MIKIÐ ÚTSÝNI**



**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30**

**RJÚPNASALIR 14**
- 201 Kóp.
- 92,0 fm.
- 3ja herb.
- 11. hæð.
- Stæði í bílgeymslu.
- Falleg íbúð.
- **Verð 41,9 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016









**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Hjarðarhagi 54. 4ra herbergja á efstu hæð ásamt bílskúr.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Virkilega falleg 127,4 fm. íbúð á 5. hæð, efstu, við Hjarðarhaga að meðtöldum 27,7 fm. sérstæðum bílskúr. Baðherbergi og eldhús hafa verið endurnýjuð að öllu leyti. Bílskúrshurð var endurnýjuð árið 2015. Rúmgóð stofa með stórum gluggum og með útgengi á svalir til suðurs. Um er að ræða afar fallegt hús, teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt. Útsýni er glæsilegt sem teygir sig allan fjallahringinn og út á sundin.

**Verð 46,9 millj.**

### Keilugrandi 10. 2ja herbergja íbúð- laus til afhendingar strax.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Góð 52,2 fermetra íbúð á 2. hæð á þessum vinsæla stað í Vesturbænum. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stofa með góðum gluggum til suðurs. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf og með tengi fyrir þvottavél. Snyrtileg sameign. Staðsetning íbúðarinnar er mjög góð, í göngufjarlægð við Grandaskóla, íþróttasvæði KR, sundlaug, verslun- og þjónustu.
**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**
**Verð 33,9 millj.**

### Grettisgata.



115,2 fermetra einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsótta stað í miðborginni. Húsið er byggt árið 1902 og stendur á 131,5 fermetra eignarlóð. Fallegir loftlistar, innihurðir, gluggasetningar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Húsið hefur fengið ágætis viðhald undanfarin ár. Lóðin er hellulögð og afgirt með fallegu grindverki. Stæði fyrir tvær til þrjár bifreiðar á lóð.

**Afar falleg eign á frábærum stað á horni Grettisgötu og Vitastígs.**

### Stigahlíð. Glæsilegt einbýlishús



Stórglæsilegt og vel skipulagt 375,0 fermetra einbýlishús auk 13 fermetra sólstofu og um 100 fermetra óskráðs rýmis í kjallara eða samtals 488,0 fermetrar við Stigahlíð. Eignin hefur fengið virkilega gott viðhald frá upphafi og ýmislegt verið endurnýjað. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar og gólfefni einkenna húsið að innan. Aukin lofthæð er yfir stofum. Allir gluggar eru úr harðviði. Glæsileg sólstofa og stór sólpallur í garði. Rúmlega 100 fermetra auka íbúð er í kjallara með sérinngangi. Falleg aðkoma er að húsinu og góð hellulögð bílastæði fyrir framan bílskúr með hitalögnum undir.

### Sogavegur. Neðri sérhæð



Vel skipulögð 6 herbergja 206,3 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 73,5 fm. bílskúr í þríbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, hol, svefngang, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, búr/geymsla (teiknað sem gestasalerni og lagnir til staðar), eldhús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu/borðstofu. Húsið hefur verið múrviðgert og málað á suður- og hluta til vesturhlið. Bílskúrinn er mjög stór á tveimur hæðum með vörulyftu. Auk þess er um 50 – 60 fm. óskráð rými í kjallara.

**Verð 57,9 millj.**

### Stóragerði. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.



Afar falleg 164,5 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 28,1 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eignin skiptist í forstofu, svefngang, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu. Mjög gott skipulag og stórir gluggar sem hleypa inn góðri birtu. Húsið var múrviðgert og málað fyrir þremur árum síðan. Búið er að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og tæki í eldhúsi.

**Verð 63,9 millj.**

### Vatnagarðar. Iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði



Gott iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum með fjórum til fimm innkeyrsludyrum við Vatnagarða í Reykjavík. Nýr 10 ára leigusamningur er í gildi um allt hið selda við mjög traustan aðila. Um er að ræða tvo eignarhluta, sem báðir eru á tveimur hæðum.
**Eignin hefur mikið auglýsingagildi þar sem hún stendur við Sæbrautina.**
Lóðin er fullfrágengin með malbikuðu plani með góðum bílastæðum og góðri aðkomu.

### Suðurlandsbraut. Skrifstofuhúsnæði.




101,1 fermetra skrifstofuhúsnæði á efstu hæð með gluggum sem snúa til vesturs í mjög vel staðsettu og snyrtilegu húsi við Suðurlandsbraut 46 (bláu húsin). Húsnæðið skiptist í hol/móttöku, eldhús og tvær rúmgóðar skrifstofur auk geymslu. Góð aðkoma og fjöldi bílastæða beggja vegna hússins. **Eigandi skoðar skipti á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.**

**Verð 25,5 mill.**

### Heilsárshús í Skorradal. Hornlóð við Skorradalsvatn.



Fallegt heilsárshús við Vatnsendahlíð í Skorradalshreppi. Eignin stendur á 2.975,0 fm. leigulóð á jarðarmörkum Vatnsenda og skógræktarinnar í Hvammi. Hornlóð á besta stað við vatnið (vatnalóð). Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn. Eignin er byggt árð 2000, 75,6 fm. að stærð auk 10 fm. gestahúss. Húsið snýr í SV og nýtur vel sólar. Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn.

**Verð 34,9 millj.**

### Öldugata. Efri hæð og ris auk bílskúrs.



4ra herbergja 72,7 fm. efri hæð auk um 30,0 fm. riss og 29,0 fm. bílskúrs, samtals 131,7 fm. á frábærum stað við Öldugötu. Allt gler og gluggar á 2. hæðinni og í bílskúr er nýtt. Á hæðinni eru forstofa, hol, baðherbergi, eldhús, stofa, svefnherbergi, stofa og herbergi innaf stofu. Í risi eru rúmgott herbergi, geymsla og þvottaherbergi. Mögulegt væri að lyfta þaki og setja kvisti og myndi íbúðin stækka verulega við þá framkvæmd. Bílskúr var nýlega innréttaður sem stúdíóíbúð.

**Verð 59,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson**
*Lögg. fasteignasali*



**Guðmundur Sigurjónsson**
*Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*



**Kjartan Hallgeirsson**
*Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
*Lögg. fasteignasali, sölustjóri*



**Magnea S. Sverrisdóttir**
*MBA, lögg. fasteignasali*



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
*Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*



**Reynir Björnsson**
*Hagfræðingur, lögg. fasteignasali*



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
*Lögg. fasteignasali*



**Brynjar Þ. Sumarliðason**
*BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.*



**G. Andri Guðlaugsson**
*Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*



**Gunnar Jóhann Gunnarsson**
*Hdl., lögg. fasteignasali*



**Daði Hafþórsson**
*Aðstoðarm. fast.s.*



**Jóhanna Valdimarsdóttir**
*Gjaldkeri*



**Elín Þorleifsdóttir**
*Ritari*



**Ásdís H. Júlíusdóttir**
*Ritari*



**Anna M. Sigurðardóttir**
*Ritari*

## HÖRGSHLÍÐ 10, 105 REYKJAVÍK








Samtals 251,8 fm einbýli/tvíbýli á tveimur hæðum. Mjög góð staðsetning. Húsið er skráð tvíbýli með 97,2 fm neðri hæð og efri hæð og hluti kjallara er skráðir 140,9 fm. Allt að 6 svefnherb. Flotað gólf. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. Eignin þarfnast talsverðar lagfæringar að utan jafnt og innan.**Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir lg. fasteignasali s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is eða G. Andri Guðlaugsson lg. fasteignasali s: 662 2705.Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:15 og 17:45. V. 89,9 m.**

## LJÁRSKÓGAR 16
### 109 REYKJAVÍK




Vel staðsett 286,8 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Auka 3ja herbergja íbúð á jarðhæð. Tvöfaldur innbyggður bílskúr. **Nánari uppl. veita: Reynir Björnsson lg.fs. s: 895 8321 eða G. Andri Guðlaugsson lg.fs. s: 662 2705. Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:15 og 17:45.. V. 66,5 m.**

## LINDARSEL 10 - M/AUKAÍB.
### 109 REYKJAVÍK




Fallegt samtals 276,9 fm einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð. Efri hæðin er mjög rúmgóð en þar eru m.a þrjú svefnherbergi, baðherbergi, tvær stofur og eldhús. Góður bílskúr. Gott hús í grónu hverfi og stutt í alla helstu þjónustu og skóla. **V. 77,9 m. Opið hús þriðjudaginn 14. mars milli 17:15 og 17:45.**

## HVERAFOLD 136
### 112 REYKJAVÍK



Glæsilegt um 260 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Foldahverfi Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum. Stofa og borðstofa. Þrjú herbergi en möguleiki á allt að fimm herbergjum. Garður með stórri verönd og heitum potti. Afar falleg eign í grónu hverfi með útsýni yfir Grafarvoginn. **V. 89,9 m.**

## HRAUNPRÝÐI 9
### 210 GARÐABÆ




Fallegt nýtt 232,7 fm fullbúið einbýlishús á einni hæð, þar af 36,5 fm bílskúr í fallegu náttúrulegu umhverfi í Garðahrauni. Arkitekt Halldóra Vífilsdóttir. Verkfræðihönnun TÓV verkfræðistofa ehf. Glæsilegt hús sem skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, geymslu og bílskúr. Húsið afhendist samkvæmt lýsingu 20. júní n.k. **Opið hús þriðjudaginn 14. mars milli 17:15 og 17:45. V. 106 m.**

## SKÓGARVEGUR 12 - 103 REYKJAVÍK






Glæsileg fullbúin 161,3 fm endaíbúð á efstu hæð í nýju lyftuhúsi við Skógarveg í Fossvogi. Íbúðin skiptis m.a. í stóra stofu sem er samliggjandi við eldhús, þrjú herbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús og forstofu. Vandaðar innréttingar og tæki. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílageymslu. Rúmgóðar svalir eru útaf stofu. Íbúðin er laus nú þegar.
**Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur I. Guðlaugsson lg.fs. s: 864 5464, gudlaugur@eignamidlun.is.**
**Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:15 og 17:45.**

## SELJAVEGUR 17
### 101 REYKJAVÍK




3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Seljaveg í Reykjavík. Íbúðin er skráð 74 fm. Auk þess fylgir íbúðinni geymsla, herbergi í kjallara og skúr á baklóð sem hefur verið nýttur sem bílskúr. **V. 39 m. Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:00 og 17:45.**

## AÐALSTRÆTI 9
### 101 REYKJAVÍK



Mjög góð velskipulögð 53 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi við Ingólfstorg í hjarta borgarinnar. Rúmgóð stofa. Þvottahús og geymsla inna íbúðar. Mjög gott útsýni. Svalir. Frábær staðsetning. **V. 34,9 m.**

## LEIRUTANGI 21B
### 270 MOSFELLSBÆR




Til sölu er 92,5 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, herbergi og rými sem er glugglaust sem er nýtt sem herbergi, þvottahús og geymsla. Stofa með útgangi út í garð. **Bókið skoðun hjá: H. Daði Hafþórssyni aðst.manni fast.sala s: 824 9096, dadi@eignamidlun.is eða Gunnari J Gunnarsson lg. fast. sala s: 695 2525.Opið hús þriðjudaginn 14. mars milli 17:15 og 17:45. V. 33,3 m.**

## KLEPPSVEGUR 34
### 104 REYKJAVÍK




4ra herbergja 93,9 fm íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi á fínum útsýnisstað. Þrjú svefnherbergi. Suðursvalir. Laus strax. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Bókið skoðun hjá: G. Andra Guðlaugssyni lg. fast.sala s: 662 2705 eða Brynjari Þ. Sumarliðasyni aðst.m. fast.sala s: 896 1168. Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:15 og 17:45. V. 37,9 m.**

## LINDARGATA 28
### 101 REYKJAVÍK




Ný fullbúin 85,1 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skilast fullbúin með hágæða innréttingum frá GKS, flísar og harðparket á gólfi. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í eldhúsi.**Nánari uppl. veitir Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lg. fasteignasali s: 864 5464 eða gudlaugur@eignamidlun.is.Opið hús mánudaginn 13. mars milli 17:15 og 17:45. V. 49,7 m.**

## SKÓGARÁS 12
### 110 REYKJAVÍK




Einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Skógarás í Árbæjarhverfi. Birt stærð hússins er 234,6 fm. Húsið þarfnast einhverra lagfæringa. Fjögur svefnherbergi. Góður garður. Laust við kaupsamning. **Bókið skoðun hjá: G. Andra Guðlaugssyni lg. fast.sala s: 662 2705 eða Brynjari Þ. Sumarliðasyni aðst.m. fast.sala s: 896 1168.Opið hús þriðjudaginn 14. mars milli 17:15 og 17:45. V. 73 m.**

## VATNSSTÍGUR 22, 101 REYKJAVÍK





Ný og glæsileg 3ja herbergja 118,9 fm íbúð á 2. hæð í lokaáfanga Skuggahverfis. Íbúðin skiptist í setustofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Svalir til suðurs. Stæði í bílageymslu fyglir íbúðinni. Glæsilegt útsýni. Stutt er í iðandi mannlíf og þjónustu. **Nánari uppl. veitir Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lögg. fasteignsali 864-5464, gudlaugur@eignamidlun.is.Opið hús þriðjuaginn 14. mars milli 17:15 og 17:45. (íbúð 203). V. 74,4 m.**

## MÁNATÚN 9, 105 REYKJAVÍK





5 herbergja 173,4 fm íbúð á 7. hæð í nýlegu glæsilegu lyftuhúsi. Íbúðin er á tveimur hæðum (efstu hæðum í húsinu). Tvö stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni. Þrennar svalir með miklu útsýni. **Nánari upplýsingar veitir Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 662-2705, andri@eignamidlun.is. Opið hús miðvikudaginn 15. mars milli 17:15 og 17:45. V. 94,5 m.**

## MÁNATÚN 11, 105 REYKJAVÍK




Mjög falleg 3ja herbergja 133,5 fm íbúð á 3. hæð í nýju glæsilegu lyftuhúsi. Tvennar svalir. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Íbúðin er tilbúin til afhendingar við kaupsamning. **V. 59,7 m.**

Eitt aldursflokkamet var bætt á mótinu. Það gerði hin 13 ára Úlfheiður Linnet úr FH í 1.500 metra hlaupi þegar hún hljóp á 4:50,42 mínútum. **– iþs**



**Stjarnan vann sigur í kvenna- og blönduðum flokki.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## STJARNAN SKEIN SKÆRT

**FIMLEIKAR** Stjarnan varð hlutskörpust í kvennaflokki á Bikarmóti FSÍ í hópfimleikum sem fór fram í Ásgarði um helgina. Stjörnukonur urðu einnig bikarmeistarar í fyrra og vörðu því titil sinn.

Stjarnan vann nokkuð öruggan sigur á Gerplu í ár; fékk 59,050 í heildareinkunn en Gerpla 55,550. Stjörnukonur fengu 23,300 í einkunn fyrir dansinn, 17,700 fyrir gólfæfingar og 18,050 fyrir æfingar á trampólíni.

Stjarnan vann enn öruggari sigur á Gerplu í flokki blandaðra liða. Stjarnan fékk 51,300 í einkunn en Gerpla 47,400. Lið Stjörnunnar fékk 19,650 í einkunn fyrir dansinn, 16,000 fyrir gólfæfingar og 15,650 fyrir trampólínið.

Gerpla var eina félagið sem sendi lið til keppni í karlaflokki. Gerplustrákarnir fengu 44,600 í heildareinkunn fyrir sínar æfingar.

Fimleikafélag Akureyrar sendi eitt félaga lið til keppni í meistaraflokki B.

Í 1. flokki kvenna vann Stjarnan 1 sigur með 51,200 í einkunn. Stjarnan var eina félagið sem sendi lið til leiks í 1. flokki karla. Stjörnustrákarnir fengu 44,600 í einkunn.

Í 1. flokki B vann ÍA 1 sigur, Gerpla 1 hrósaði sigri í 2. flokki A og Ármann 1 varð efstur í 2. flokki B. Í keppni blandaðra liða í 2. flokki vann Selfoss 1 sigur. **– iþs**

## EKKERT BUTT-LIÐ Á BRÚNNI



**FÓTBOLTI** Stórleikur 8-liða úrslita ensku bikarkeppninnar fer fram á Stamford Bridge þar sem Chelsea tekur á móti Manchester United. José Mourinho, knattspyrnustjóri United, fer með sína menn, sem eru ríkjandi bikarmeistarar, á sinn gamla heimavöll.

Hann vill eflaust gleyma síðustu heimsókn þangað en í október á síðasta ári tapaði United 4-0 fyrir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá en United hefur aðeins tapað tveimur leikjum í öllum keppnum síðan þá. Þrátt fyrir það situr liðið enn í 6. sæti úrvalsdeildarinnar. Chelsea hefur gengið allt í haginn en liðið er með 10 stiga forskot á toppi úrvalsdeildarinnar.

Antonio Conte, stjóri Chelsea, getur valið úr öllum sínum leikmönnum á meðan United er án síns markahæsta manns, Zlatans Ibrahimovic, sem tekur út fyrsta leikinn í þriggja leikja banninu sem hann fékk fyrir að gefa Tyrone Mings, leikmanni Bournemouth, olnbogaskot.

Mikið álag hefur verið á United að undanförnu en þrátt fyrir það ætlar Mourinho að stilla upp sterku liði í kvöld. „Við getum ekki spilað á Nicky Butt liði [Butt er þjálfari U-23 ára liðs United]. Félagið er of stórt. United er ríkjandi meistari,“ sagði Mourinho. **– iþs**

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**Fram - ÍBV 26-22**
**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 9/2, Steinunn Björnsdóttir 7, Hildur Þorgeirsdóttir - Greta Kavaliuskaite 7, Ásta Björt Júlíusdóttir 4/4, Ester Óskarsdóttir 4.

**Stjarnan - Fylkir 38-25**
**Markahæstar:** Rakel Dögg Bragadóttir 8, Hanna G. Stefánsdóttir 6, Helena Rut Örvarsdóttir 5, Brynhildur Kjartansdóttir 5 - Christine Rishaug 8, Thea Sturludóttir 7.

**Selfoss - Valur 27-24**
**Markahæstar:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12, Adina Maria Ghidoarca 5, Perla Ruth Albertsdóttir 3 - Diana Satkauskaite 10, Kristín Guðmundsdóttir 3.

**Haukar - Grótta 18-28**
**Markahæstar:** Ramune Pekarskyte 8, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Maria Pereira 3 - Sunna María Einarsdóttir 7, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 5, Laufey Ásta Guðmundsd. 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 31 | Grótta | 17 |
| Stjarnan | 29 | Valur | 16 |
| Haukar | 18 | Selfoss | 10 |
| ÍBV | 17 | Fylkir | 6 |

### Olís-deild karla

**Akureyri - Valur 22-20**
**Markahæstir:** Mindaugas Dumcius 6, Ihor Kopyshynskyi 5, Andri Snær Stefánsson 3, Friðrik Svavarsson 3 - Orri Freyr Gíslason 4, Vignir Stefánsson 3, Anton Rúnarsson 3

**Haukar - Grótta 27-29**
**Markahæstir:** Ivan Ivokovic 10, Daníel Þór Ingason 7, Elías Már Halldórsson 3 - Aron Dagur Pálsson 9, Finnur Ingi Stefánsson 5, Nökkvi Dan Elliðason 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 30 | Stjarnan | 19 |
| FH | 28 | Grótta | 18 |
| ÍBV | 27 | Selfoss | 18 |
| Afturelding | 27 | Akureyri | 17 |
| Valur | 21 | Fram | 15 |

**ARON KOMINN AFTUR AF STAÐ**



Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk í 34-28 sigri Veszprém á Flensburg í Meistaradeild Evrópu á laugardaginn. Þetta var fyrsti leikur íslenska landsliðsmannsins síðan í nóvember en hann hefur verið frá vegna þrálátra nárameiðsla. Þau komu m.a. í veg fyrir þátttöku Arons á HM í Frakklandi í janúar. Veszprém endaði í 3. sæti í A-riðli Meistaradeildarinnar. Ungversku meistararnir mæta Króatíumeisturum Zabreb í 16-liða úrslitunum. Veszprém komst alla leið í úrslit Meistaradeildarinnar í fyrra.

**GUÐNI OG ÁSDÍS FENGU SILFUR**

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason úr ÍR varð annar í U-23 ára flokki karla á Evrópska kastmótinu á Kanaríeyjum um helgina. Guðni Valur tryggði sér silfurverðlaunin með því að kasta kringlunni 59,33 metra í sínu síðasta kasti. Ásdís Hjálmsdóttir endaði í 2. sæti í spjótkasti kvenna á sama móti. Ásdís kastaði lengst 59,20 metra í sínu þriðja kasti. Þá endaði sleggjukastarinn Vigdís Jónsdóttir úr FH í 12. sæti í flokki kvenna yngri en 23 ára. Vigdís kastaði lengst 58,69 metra.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | FA Cup: Upphitun | Sport |
| 19.40 | Chelsea - Man Utd. | Sport |
| 21.30 | FA Cup: Uppgjör | Sport |



## Merkisatburðir

**222** Alexander Severus verður Rómarkeisari.

**624** Her fylgjenda Múhameðs berst við Quraysh-ættina við Badr.

**1610** Galíleó Galílei gefur út niðurstöður fyrstu athugana sinna með sjónauka.

**1639** New College á Nýja Englandi fær nafnið Harvard College.

**1881** Alexander annar Rússakeisari er myrtur með sprengju í nágrenni hallar sinnar.

**1883** Skeiðarárhlaup hefst.

**1897** Einar Benediktsson gerir tillögu um að fáni Íslands verði hvítur kross á bláum feldi.

**1937 Fyrsta Skíðamót Íslands er haldið á Hellisheiði.**

**1947** Fjórir farast í flugslysi á Hvammsfirði.

**1961** Landslið Íslands verður í sjötta sæti á heimsmeistaramóti í handbolta.

**1974** Græna byltingin er kynnt í Reykjavík.

**1977** Hreinn Halldórsson verður Evrópumeistari í kúluvarpi innanhúss.

**1982** Erlendur íþróttaviðburður er í fyrsta sinn sýndur í beinni útsendingu á Íslandi, bikarúrslitaleikur Tottenham og Liverpool.

**1988** Seikan-göngin, lengstu neðansjávargöng heims, opna á milli japönsku borganna Aomori og Hakodate.

**2013** Frans er valinn páfi.



✝

Elskaður eiginmaður og faðir,

**Pétur Pétursson**

**hagfræðingur,**

**Efstaleiti 10,**

er látinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 14. mars kl. 15.

**Björk Elín Jónsdóttir**
**Sigríður Svana Pétursdóttir**
**Arndís Erla Pétursdóttir**
**Tryggvi Pétursson**
**Katrín Pétursdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Jón Ólafsson á farsælan tónlistarferil að baki, bæði með Nýdönsk og sóló. En hann er hvergi nærri hættur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fylgir nýrri plötu eftir með tónleikum í Salnum

**Jón Ólafsson hefur gefið út sína þriðju sólóplötu og ætlar að fylgja henni eftir með tónleikum. Segir nýju plötuna ekki þá frumlegustu en er ánægður. Hefur unnið efni á plötuna allt frá árinu 2013 en setti allt á fullt í vetur. Meira fyrir egóið að gera plötur einn.**

Þetta eru ný lög og textar eftir mig," segir Jón Ólafsson tónlistarmaður sem nýlega gaf út plötuna Fiskar.

Jón segir að vinnan við plötuna hafi ekki tekið langan tíma. „Ég var nú mjög fljótur að taka hana upp þannig séð. Ég byrjaði á þessu í desember en af því að ég ákvað að halda áfram að vinna með demó, eða prufutökur, í mörgum tilfellum, þá var ég í rauninni löngu byrjaður að taka upp þessa plötu án þess að vita af því. Elstu upptökurnar eru frá árinu 2013," segir Jón.

Jón gaf út fyrstu plötu sína árið 2004 og svo gaf hann aftur út plötu 2007. Hann segist vera mjög ánægður með nýju plötuna. „Ég held að þetta sé kannski ekki frumlegasta platan en af þessum þremur plötum er ég ánægðastur með þessa."

Jón er hljómborðsleikari Nýdönsk. Hann segir mjög ólíkt að gera sólóplötu annars vegar og gera plötu með hljómsveitinni. „Þetta er svolítið svona eins og að vera í fótbolta eða hlaupa maraþon," segir Jón og útskýrir að við vinnslu á sólóplötunni treysti maður algjörlega á sjálfan sig. Þegar maður sé í hljómsveit fari tónlistin hins vegar í síu á æfingum. „Maður er minna í því að spyrja álits á sólóplötunum og fær að taka áhættu og standa með sjálfum sér á meðan hljómsveitarvinnan er svolítið svona hópavinna þar sem hlutirnir fara í gegnum umræður og æfingar og síur. Þannig að það er meira fyrir egóið að gera sólóplötu," segir Jón.

Jón segir að titill plötunnar vísi til píanólags á plötunni sem heitir Fiskar. Hann var að hugsa um fiska þegar hann samdi það. „Svo er ég sjálfur í fiskamerkinu og mér fannst þetta ágætis tenging við þetta lag og líka við sjálfan mig," segir hann.

Jón verður með útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi á fimmtudag. Þar leikur hann lög af plötunni í bland við eldra efni. **jonhakon@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 13. MARS 1983

## Samtök um kvennalista stofnuð

„Stofnuð voru í Reykjavík um helgina Samtök um kvennalista til að undirbúa framboð sérstakra kvennalista við næstu alþingiskosningar."

Svona hefst frétt Morgunblaðsins frá 16. mars árið 1983 um stofnun Samtaka um kvennalista sem fram fór þann þrettánda þess mánaðar.

Í framhaldinu segir að á stofnfundinum hafi verið saman komnar konur úr Reykjavík, af Reykjanesi og frá Akureyri.

Samtök um kvennalista lifðu allt fram til ársins 1998 þegar þau runnu saman við Alþýðuflokk og Alþýðubandalag og mynduðu Samfylkinguna.

Kvennalistinn bauð fram til Alþingis í þremur kjördæmum vorið 1983 og hlaut 5,5 prósent atkvæða. Fékk hann þar með þrjár konur inn á þing. Fjórum árum seinna tvöfaldaðist fylgið næstum og fékk listinn sex konur kjörnar á þing. Þar með var hápunktinum náð.

Árið 1991 tapaði listinn einu sæti og árið 1995 var fjöldi þingmanna Kvennalistans kominn aftur niður í þrjá.



**Nokkrar af þeim konum sem tóku þátt í stofnun Kvennalistans áttu síðar eftir að láta enn meira að sér kveða í stjórnmálum.** MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Kvennalistakonur voru talsmenn kvenfrelsis og börðust fyrir jafnrétti kynjanna. Þótti hugmyndafræði þeirra nokkuð róttæk.

Á meðal þeirra sem sátu á þingi fyrir Kvennalistann eru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, síðar utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, og Guðrún Agnarsdóttir sem var formaður Samtaka um kvennalista á upphafsárum þeirra.




elja
Starfsmannaþjónusta

# Þarftu að ráða starfsfólk?

## Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 8 |
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIST FIGHT | KL. 8 - 10:10 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 10:30 |




Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur mætir í Hannesarholt til að tala um valdafíkn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. MARS 2017

### Viðburðir

**Hvað?** Tangó Milonga Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon Bistro, Bankastræti
Frír kynningartími í argentínskum tangó kl. 20-21 og síðan er dansað til kl. 23 við dúndrandi tangótónlist. Dj og leiðbeinandi er Rut Ríkey. Engin danskunnátta nauðsynleg og óþarfi að mæta með dansfélaga. Allir sem hafa áhuga hjartanlega velkomnir. Aðgangseyrir er enginn.

**Hvað?** Heilsuspjall – Valdafíkn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Í Heilsuspjalli Hannesarholts í kvöld ræðir læknirinn Torfi Magnússon um þetta áhugaverða fyrirbæri, valdafíkn, sem eins og önnur fíkn getur átt sér líffræðilegar forsendur. Með vísun til bókmenntanna mun rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson minna okkur á að umræðuefnið hefur löngum verið hugleikið ýmsum ritsnillingum sögunnar. Léttur kvöldverður á sanngjörnu verði í boði frá kl. 18.30.

**Hvað?** Er þetta lífrænt?
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness, Eiðistorgi
Rannveig Guðleifsdóttir frá vottunarstofunni Túni mun kynna hugmyndafræðina á bak við lífræna framleiðslu og helstu þætti sem einkenna framleiðsluferlið við lífræna framleiðslu undir yfirskriftinni Er þetta lífrænt?

**Hvað?** Engin takmörk! Azure ráðstefna
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut
Engin takmörk! er sérsniðin ráðstefna fyrir íslenska viðskiptavini og samstarfsaðila Microsoft þar sem hægt verður að fræðast um allt sem viðkemur þeim lausnum sem eru í boði í Azure-skýinu. Heill dagur á Nordica sem býður upp á einstakt tækifæri til að komast í návígi við færustu sérfræðinga Microsoft. Innifalinn í verði er léttur hádegisverður og hanastél í lok dags.

**Hvað?** Roundabout Baltic PLUS Iceland
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hönnun með sjávarútsýni. Myndræn frásögn um samband náttúru og hönnunar. Sýning með samtímahönnun frá Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Svíþjóð, Þýskalandi – og Íslandi. Sýningin Roundabout Baltic í Norræna húsinu er skipulögð í samstarfi við Adam Mickiewicz stofnunina og er hluti af HönnunarMars 2017.

**Hvað?** Underdog
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Kvikmyndin Underdog verður sýnd í Norræna húsinu í kvöld sem hluti af Nordic Film Festival. Svíþjóð er svo miklu meira en rauðir sumarbústaðir og ódýr húsgögn í flötum kössum. Í dag er atvinnuleysi ungmenna gríðarlegt, þar sem þúsundir ungmenna sjá engan annan möguleika í stöðunni en flytja yfir landamærin til Noregs í þeirri von að finna vinnu við að þrífa klósett, þjóna á matsölustöðum og sópa götur Óslóar. Underdog hefur hlotið verðlaun á alþjóðavísu, þar á meðal gagnrýnendaverðlaunin á Zürich Film Festival 2014. Þetta er fyrsta mynd leikstjórans Ronnie Sandahl í fullri lengd. Þessi óvænta ástarsaga sýnir nýja hlið á raunveruleika Skandinavíu.

**Hvað?** The Human Scale
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Danska heimildarmyndin The Human Scale verður sýnd í Norræna húsinu vegna Nordic Film Festival. Eftir myndina verða umræður með Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt og sérfræðingi í borgarskipulagi.

**Hvað?** Fyrirlestur um skapandi skólastarf
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð
RASK (Rannsóknastofa um skapandi skólastarf) stendur fyrir fyrirlestri Andy og Kathryn Penaluna frá University of Wales Trinity St. David um skapandi skólastarf.


Góða skemmtun í bíó









Kristján Már heimsækir flugáhugamenn í Fljótshlíðinni. Bóndasonurinn Árni í Múlakoti fékk flugbakteríuna fyrir sextíu árum, eignaðist flugvél og gerði eigin flugvöll. Smám saman myndaðist þar athvarf einkaflugmanna og nú er þar hverfi flugskýla og sumarbústaða þeirra sem elska að fljúga. Þar er árlega haldin ein helsta flughátíð landsins og þar sést stundum á lofti elsta fljúgandi vél íslenska flugflotans.

MAGNAÐ
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

GRAND DESIGNS

Vönduð sería þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum fólks í Bretlandi. Þar fer ríkt hugmyndaflug og góður smekkur saman og útkoman yfirleitt mikið augnayndi.



Snýr aftur

NCIS

Stórgóðir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við hættulegri mál en áður.



SIX

Loka-þáttur

Hörkuspennandi þættir, byggðir á raunverulegum atburðum, og fjalla þeir um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að handsama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan.



HEIMILI HBO

VICE

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



BÍÓ

THE KIDS ARE ALRIGHT

Dramatísk gamanmynd um systkini sem hafa áhuga á að finna líffræðilegan föður sinn. Þau voru bæði getin með gjafasæði og búa hjá lesbískum mæðrum sínum.



3

GAME OF THRONES

Þriðja serían um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** Mayday
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**13.45** The X-Factor UK
**14.50** The X-Factor UK
**15.35** The X-Factor UK
**16.35** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Grand Designs
**20.10** Um land allt
**20.50** NCIS
**21.35** Six
**22.20** Vice
**22.55** Timeless
**23.35** Blindspot
**00.20** **Major Crimes** Þriðja syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tekur við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**01.05** Bones
**01.50** **Mistresses** Fjórða syrpan af þessum bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
**02.30** Mistresses
**03.15** Mad Dogs
**03.55** 100 Code
**04.40** Murder in the First

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50** Deportivo - Barcelona
**09.30** Real Madrid - Real Betis
**11.10** FA Cup/ Tottenham Hotspur - Millwall
**12.50** FA Cup/ Middlesbrough - Manchester City
**14.30** Bayern München - Frankfurt
**16.10** FA Cup/Arsenal - Lincoln City
**17.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.15** Football League Show
**18.45** Spænsku mörkin
**19.15** FA Cup/Chelsea - Manchester United
**21.35** Messan
**22.15** Lengjubikarinn/Víkingur R. - Keflavík
**23.55** Liverpool - Burnley

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Liverpool - Burnley
**09.40** Everton - WBA
**11.20** Bournemouth - West Ham
**13.00** Hull City - Swansea City
**14.40** Deportivo - Barcelona
**16.20** Real Madrid - Real Betis
**18.00** Liverpool - Burnley
**19.40** Domino's-deild karla/Þór Þ. - Njarðvík
**21.20** Domino's-körfuboltakvöld
**23.20** NBA /Minnesota - Golden State

## STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** The New Girl
**18.15** The League
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Stelpurnar
**20.05** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**20.30** Who Do You Think You Are?
**21.35** Grimm
**22.20** Game of Thrones
**23.15** Klovn
**23.40** Salem
**00.25** The Mentalist
**01.10** Grimm
**01.50** Curb Your Enthusiasm
**02.25** Stelpurnar
**02.45** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Grettir
**08.11** Zigby
**08.25** Ljóti andarunginn og ég
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur r
**11.00** Strumparnir
**11.22** Hvellur keppnisbíll
**11.34** Ævintýraferðin
**11.46** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Grettir
**12.11** Zigby
**12.25** Ljóti andarunginn og ég
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Strumparnir
**15.22** Hvellur keppnisbíll
**15.34** Ævintýraferðin
**15.46** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Grettir
**16.11** Zigby
**16.25** Ljóti andarunginn og ég
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur
**19.00** Lási löggubíll



Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.47, 13.47 og 17.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.15** Valspar Championship
**13.15** Golfing World
**14.05** Valspar Championship
**19.05** PGA Highlights
**20.00** Seve the Movie
**22.00** Valspar Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**09.00** All The Way
**11.10** Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant…
**12.50** Avatar
**15.30** All The Way
**17.40** **Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant…** Skemmtileg heimildarmynd um tilurð Ofurskjaldbakanna en hér er farið yfir sögu Teenage Mutant Ninja Turtles frá byrjun.
**19.20** Avatar
**22.00** The Kids are Alright
**23.50** **Ex Machina** Vísindadrama frá árinu 2015 með sænsku Óskarsverðlaunaleikkonunni Aliciu Vikander sem fjallar um 26 ára gamlan forritara að nafni Caleb, sem vinnur hjá stærsta netfyrirtæki í heimi. Caleb vinnur keppni um að fá að eyða heilli viku á einkafjalli sem er í eigu Nathans, forstjóra fyrirtækisins, sem kýs að vera sem mest út af fyrir sig. En þegar Caleb kemur á þennan afvikna stað, þá kemst hann að því að hann þarf að taka þátt í skrítinni en heillandi tilraun. Myndin hlaut Óskarinn fyrir bestu tæknibrellur.
**01.40** Skin Trade
**03.15** The Kids are Alright

## RÚV

**15.15** Á spjalli við dýrin
**16.10** Kiljan
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Á spjalli við dýrin
**21.10** Nóbel
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Stúdíó A
**23.00** Scott og Bailey
**23.45** Kastljós
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Three Rivers
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** Rachel Allen: All Things Sweet
**14.40** Chasing Life
**15.25** Black-ish
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** 24: Legacy
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** CSI
**01.05** Code Black
**01.50** Madam Secretary
**02.35** Hawaii Five-0
**03.20** 24: Legacy
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

# GLAMOUR

*Glæsilegasta tískutímarit landsins*




## GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is

365

# Sáttur við að deila tónlistinni með umheiminum

**Guðmundur Herbertsson** hélt útgáfupartí í Bíói Paradís um helgina í tilefni þess að hann hefur nú sent frá sér fyrsta lagið í nafni sólóverkefnisins Wildfire. Í partíinu frumsýndi hann myndband við lagið sem kallast Up to the Stars.

Það má segja að Wildfire sé sólóverkefni hjá mér en það er ákveðinn kjarni sem kemur að bandinu,“ segir Guðmundur sem tók fyrsta lag Wildfire, Up to the Stars, upp í Stúdíói Paradís. „Ég fékk mjög sterka tilfinningu fyrir þessu lagi og vissi strax að ég yrði að taka þetta lengra. Ég dreif mig þess vegna í Stúdíó Paradís til Ása Jóhanns þar sem við negldum lagið og drituðum niður nokkrum í viðbót. Mig hafði alltaf langað til þess að gefa út lag og myndband á sama tíma og hafði einhverja ákveðna hugmynd um hvernig ég vildi hafa það.“

Guðmundur kveðst hafa verið að búa til tónlist í þó nokkurn tíma án þess að gefa hana út. „Ég held að ég hafi bara í fyrsta skiptið núna verið fullkomlega sáttur við að deila lögunum mínum með öðrum, án þess að hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst eða hvernig aðrir taka í þetta,“ segir Guðmundur sem hefur jákvæð viðbrögð við nýju tónlist sinni. „Ég finn fyrir mikilli jákvæðni og miklum meðbyr með laginu sem við vorum að gefa út. Ég heyri það auðvitað mest frá fjölskyldu og vinum en útvarpsmenn sýna laginu áhuga og ég kann að meta það.“



Egill Andrésson, Fannar Daníel Guðmundsson, Leó Ágústsson, Axel Ágústsson, Jökull Skarphéðinsson, Kormákur Marðarson og Guðmundur Herbertsson.

> **ÞAÐ MÁ ALVEG SEGJA AÐ ÞETTA SÉ SVIPUÐ TÓNLIST ÞAR SEM VIÐ ERUM BÁÐIR Í POPPINU OG ÉG ER ALVEG EFLAUST UNDIR ÁHRIFUM FRÁ HONUM.**

Til gamans má geta að Guðmundur er sonur tónlistarmannsins Herberts Guðmundssonar og það er sterkur svipur með þeim feðgum. En gera þeir svipaða tónlist? „Það má alveg segja að þetta sé svipuð tónlist þar sem við erum báðir í poppinu og ég er alveg eflaust undir áhrifum frá honum. Það var þó ekki tekin nein stefna á að líkjast honum eða líkjast honum ekki, tónlist er bara tónlist.“



Svanur og Guðmundur Herbertssynir

Guðmundur hefur í gegnum tíðina fengið góða innsýn í tónlistarheiminn í gegnum pabba sinn. „Ég hef ekkert unnið með honum í sköpun en ég hef auðvitað verið frá blautu barnsbeini að þeytast um allan bæ með honum að róta fyrir gigg og annað. Ég hef líka spilað með honum á nokkrum tónleikum þar sem ég hef þá sungið og raddað með honum,“ segir Guðmundur sem hefur sett stefnuna á að klára plötu og senda frá sér annað lag fyrir sumarið. **gudnyhronn@365.is**

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN MICRA
NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI




NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*
BEINSKIPTUR. VERÐ: 1.850.000 KR.
Sjálfskiptur. Verð: 2.090.000 kr.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring, AUX tengi fyrir iPod o.fl.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SIA / NM80641

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L



**Fisk-tacos að hætti matarbloggarans Gígju.** MYND/GÍGJA

# Tacos með laxi og avókadódressingu

Þessar laxa-tacos eru í sérstöku uppáhaldi hjá matarbloggaranum Gígju Sigríði Guðjónsdóttur. hún segir dressinguna í réttinum vera aðalmálið og mælir með að nota vel af henni

## DRESSING

180 g 36% sýrður rjómi frá Gott í matinn
1 avókadó
Safi úr einu lime
7 sneiðar af jalapeño
Nokkrir stilkar af kóríander
Smá salt

Þessu er öllu blandað saman í matvinnsluvél eða góðum blandara.

## TACO

2 tómatar
jöklasalat
gular baunir
hálfur rauðlaukur
lime
1 avókadó
kóríander
hálfur feta-kubbur frá Gott í matinn
300 g lax
cayenne-pipar
8 soft corn tortillas/minnsta gerðin



**Gígja heldur úti bloggimu http://gigjas.blogspot.is.**

Jöklasalatið er saxað niður og tómötum, baunum, rauðlauk og lime-safa blandað við.
Avókadóið skorið í teninga og fetakubburinn mulinn.
Laxinn er kryddaður með cayenne-pipar eftir smekk og eldaður.
Tortillurnar eru hitaðar í ofni.
Þá er þessu öllu smellt saman í tortillurnar. Gígja mælir með að nota nóg af dressingu og toppa svo allt saman með smá kóríander.

# Birtir opið bréf til föður síns

Leikkonan Lily Collins hefur skrifað opið bréf til föður síns, enska tónlistarmannsins Phil Collins. Í bréfinu segist hún fyrirgefa föður sínum að hafa ekki verið sá pabbi sem hún ætlaðist til að hann yrði.

Lily, sem er eitt af fimm börnum sem Phil á með þremur konum, skrifar um samband sitt við föður sinn í sinni fyrstu bók sem ber titilinn No Shame, No Regrets, Just Me. Bréfið sem hún skrifaði til pabba síns birtist í bókinni sem kom út fyrir skömmu. Þar segir hún m.a.: „Ég fyrirgef þér að vera ekki alltaf til staðar þegar ég þurfti á þér að halda og fyrir að vera ekki pabbinn sem ég ætlaðist til að þú værir ... ég fyrirgef þér mistökin sem þú gerðir."

Þess má geta að Lily er eina barn Phils og fyrrverandi eiginkonu hans, Jill Tavelman. Þau skildu árið 1994, þegar Lily var fimm ára. Í bókinni segir Lily frá sambandi sínu við föður sinn en hún segir hann lítið hafa verið til staðar fyrir sig þegar hún var að vaxa úr grasi. Í bókinni fjallar Lily einnig um baráttu sína við átröskun sem hún segist hafa þróað með sér vegna kvíða þegar faðir hennar skildi við þriðju eiginkonu sína árið 2008. „Ég gat ekki höndlað sársaukann og ringulreiðina í kringum skilnað pabba míns," skrifar hún meðal annars.



**Lily Collins fyrirgefur föður sínum.** NORDICPHOTOS/AFP


# Vilt þú ná árangri sem endist?

Heilsulausnir - léttara líf er vinsælasta námskeið Heilsuborgar frá upphafi. Þar er unnið með þyngdarstjórnun og áhersla lögð á að kenna þátttakendum aðferðir sem skila varanlegum árangri.

Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.



Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Þriðjudaginn 14. mars kl. 17:30
í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

TAKTU SKREFIÐ!

## Heilsulausnir – léttara líf hefst 20. mars

- Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar.
- Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
- Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 7.20, 10.00 eða 19.30.
- Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
- Ítarleg fræðsla á tveggja vikna fresti og stuðningur í lokuðum hóp á facebook.
- Sýnikennsla í matreiðslu, smakk og fjölbreyttar uppskriftir.

**Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is**

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




CHIRO UNIVERSE




Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt poka-gormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

DÚNSÆNG + DÚNKODDI

Dúnsæng og dúnkoddi. 100% bómull í áklæði. Sæng: 60% moskusdúnn, 40% smáfiður og fáðu vandaðan dúnkodda með.



FERMINGARTILBOÐ

23.900 KR.

FULLT VERÐ

~~29.800 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK





Til vinstri má sjá mynd frá sýningu Balmain og til hægri er Ragnhildur Steinunn í samfestingnum umtalaða.

# Lektor í fatahönnun segir að um hönnunarstuld sé að ræða

**Samfestingurinn sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæddist á laugardaginn í Söngvakeppni sjónvarpsins hefur valdið uppþoti þar sem hann þykir ansi líkur samfestingi úr vorlínu tískuhúss Balmain.**

Þetta er augljós stuldur," segir Linda Björg Árnadóttir, hönnuður og lektor í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, um samfestinginn sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæddist á úrslitakvöldi Söngvakeppni Sjónvarpsins sem fór fram á laugardaginn. Samfestingurinn er keimlíkur samfestingi úr nýjustu vorlínu tískuhúss Balmain.

„Mér þykir leiðinlegt að ríkisfyrirtækið RÚV þurfi að vinna með þessum hætti og steli annarra manna hönnun. Það er ómerkilegt og ekki ásættanleg vinnubrögð. Í staðinn fyrir að vinna með einhverjum flottum íslenskum hönnuðum, við eigum fullt af þeim," segir Linda vonsvikin yfir vinnubrögðum þeirra sem bera ábyrgð á samfestingi Ragnhildar Steinunnar.

„Það að stela er alltaf vont. RÚV ber greinilega enga virðingu fyrir vinnu hönnuða og hugverkarétti. Það er unnið með þessum hætti í staðinn fyrir að styðja við íslenska hönnuði og íslenska menningu."

„Ég held að þeir sem ákváðu að stela þessari hönnun fyrir þennan viðburð hafi bara ekki áttað sig á því hvað fólk fylgist vel með," útskýrir Linda. Hún segir myndir frá tískusýningum vera orðnar mjög aðgengilegar og fólk fylgist vel með og sé mjög upplýst um það sem er að gerast í tísku. „Hér er verið að stela frábærri franskri hönnun og fólk á ekki að komast upp með slík vinnubrögð. Sá sem ber ábyrgð á þessu hefur misreiknað sig, og ekki talið að þetta myndi uppgötvast," segir Linda sem varð fyrir miklum vonbrigðum með vinnubrögð RÚV.

„Mér finnst það ólíklegt en ekki óhugsandi," segir Linda spurð út í hvort hún telji líklegt að einhvern hjá tískuhúsi Balmain frétti af stuldinum. „Og svo væri eiginlega ekkert hægt að gera í því, það er svo erfitt að verja hönnun. Það er alveg hægt að kæra svona stuld með einhverjum hætti, en það er bara mjög kostnaðarsamt. Fólk gerir það yfirleitt ekki. En ef þetta væri kannski H&M sem væri að gera þennan galla þá væri þetta kannski öðruvísi mál. En þetta er Eurovision-keppni á Íslandi þetta er bara hallærislegt fyrir RÚV."



Samfestingurinn er ansi líkur samfestingi úr vorlínu Balmain.

> **VIÐ VISSUM NÁKVÆMLEGA AÐ VIÐ VÆRUM AÐ GERA SVIPAÐA FLÍK.**
>
> Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Linda hefði viljað sjá hönnun klæðnaðar Ragnhildar í Söngvakeppninni í höndum einhvers hæfileikaríks hönnuðar. „Það er náttúrulega einhver íslenskur hönnuður sem missti af þessu VERKEFNI. Það er greinilega ekki borin virðing fyrir vinnu hönnuða. Þarna hefði einhver hönnuður geta gert einhvern fallegan kjól eða samfesting."

„Fólk á ekki að komast upp með svona vinnubrögð. Það verður að gera betur næst og bera virðingu fyrir hönnun annarra. Það er eitthvað sem aldrei verður sagt nógu oft," segir Linda sem leggur mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og að hönnuðir fái sínar eigin hugmyndir í vinnu sinni hjá LHÍ.

Klæðskerinn Elma Bjarney Guðmundsdóttir saumaði samfestinginn á Ragnhildi Steinunni. „Þetta er ekki hönnun Filippíu Elísdóttur eins og hefur komið fram í fréttum," segir Elma.

„Engin okkar, hvorki ég, Ragnhildur eða Filippía, erum hönnuðir á bak við þessa flík," segir Elma sem vann með innblástur frá samfestingi Balmain. „Við vissum nákvæmlega að við værum að gera svipaða flík, þetta er bara öðruvísi efni og öðruvísi belti en útlitið er svipað. Skikkjan er reyndar öðruvísi. Þannig að það er engin okkar sem skráir sig sem hönnuð."

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira til.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bilver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Pálmars Ragnarssonar



# Daði

Við höfum eignast nýja þjóðhetju. Hún kemur ekki í formi íþróttagarps eða stjórnmálakonu heldur venjulegs hæfileikaríks drengs í grænni peysu.

Hann er auðmýktin uppmáluð. Engar kröfur og engar væntingar. Hópurinn hafði ekki einu sinni fyrir því að taka með sér auka skrautsprengju (e. confetti) í höllina ef svo heppilega vildi til að þau kæmust í úrslitaeinvígið. Og skrautsprengjan var lykilatriði í annars magnaðri sviðsframkomu.

„Ein kostar 270 þannig að tvær eru á 540 kr. Viljið þið eina eða tvær?“

„Æi, tökum bara eina, það er ekkert öruggt að við komumst áfram.“

Maður veltir því fyrir sér hvort skortur á skrautsprengju í seinna atriðinu hafi jafnvel verið ástæðan fyrir því að atriðið stóð ekki uppi sem sigurvegari? Það munar nú um minna þrátt fyrir að rafgítarleikarinn hafi gert sitt besta til að herma eftir skrautsprengju með höndunum.

Daði sýnir strákum að þú þarft ekki að vera vöðvaður og tanaður til að vera töff. Þú þarft ekki heldur að vera grjótharður og með stæla. Og hvað þá að rappa um pillur eða vera nýklipptur og ganga um í rándýrum fötum.

Hann sýnir okkur að það er töff er að vera maður sjálfur, að vera einlægur, ljúfur og krúttlegur. Það er það sem við elskum við Daða. Hann er því sannkölluð fyrirmynd. Ef ég ætti ungan dreng myndi ég því óhikað segja við hann: „Sjáðu, þetta er mesti töffarinn á Íslandi í dag – vertu eins og Daði".

P.S. Ég trúi ekki á óheillabölvanir (e. jinx) og sigurlag Svölu er geggjað – nú vinnum við loksins Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva!










